



Eltist við drauminn á Ítalíu

■ Berglind hannar fót sem endast og erfast

10. JANÚAR 2020 / 2. TBL. 110. ÁRG. / VERÐ 995 KR.



19 ára bareigandi á Spáni



DRÖV

DULARFULL DAUÐSFÖLL
FÓRNARLAMBA SPACEY



ÁREITT AF HÆLISLEITANDA

■ „Eins og trúður í hryllingsmynd“ ■ „Augljóst að þessi maður er veikur á geði“ ■ Urræðalaus lögregla



Starfsfólk Landspítalans að niðurlotum komið

Bráðamóttaka
Næturinnangangur
Geðdeild

■ „Þetta mun ekki enda vel“



Órói hjá Strætó

“ Fólk er að kikna undan álaginu



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is





Fleyg orð

„Það þýðir ekkert annað en að vera maður sjálfur. Allir aðrir eru frátekknir.“

— Oscar Wilde

Á þessum degi, 10. janúar



1810 — Hjónaband Napóleons Bónaparte og Jósefinu keisaraynju var dæmt ógilt.



1902 — Ellen Dougherty varð fyrsti löggilti hjúkrunarfræðingur í heimi.



1929 — Ævintýri Tinna, eftir Hergé, komu út í fyrsta sinn.



1999 — Sjónvarpsþáttaröðin Soprano-fjölskyldan hóf göngu sína á HBO.



2007 — Apple kynnti til sögunnar margmiðlunarforritið iTunes.



EKKI VEITT HEIMILD FYRIR EFTIRSÓTTUM RAFMAGNSHJÓLUM

Hátt í annað hundruð manns hafa beðið eftir jólagjöfum, nánar til tekið rafmagnshjólum sem seld voru í gámatilboði hjá vefversluninni Hópkaup.is. Tíminn leið, hátíðirnar og áramótin komu og fóru en ekkert bólaði á rafmagnshjólunum, sem framleidd eru af Enox. Ástæðan ku vera sú að tollurinn hafði ekki veitt heimild fyrir afhendingu

hjóllanna.

Þetta kemur fram á vefsíðu verslunarinnar en tilboðið hófst undir lok sumars. Samkvæmt heimildum DV eru viðskiptavinir ekki sáttir við þá töf sem hefur orðið á afhendingu hjóllanna og hafa ófáir netverjar viðrað þá kenningu að um svindl hafi verið að ræða hjá versluninni til þess eins að selja fleiri hjól fyrir jól.

EKKI náðist í Guðmund

Magnason, forstjóra Hópkaupa, við vinnslu fréttarinnar en vefverslunin sendi frá sér tilkynningu og þaðst velvirðingar á óþægindunum. Ástæðan var þá sögð tilkomin vegna seinkunar flutningaskips sem flutti hjólin frá Rotterdam. Þyrftu viðskiptavinir jafnframt að sækja rafmagnshjól sitt beint í gáminn við afhendingarmiðstöðina að Flatahrauni.

Upphaflega stóð til stóð að afhenda hjólin um miðjan desember. Eftir fjölda fyrirspurna var viðskiptavinum tilkynnt að hjólin kæmu ekki til lands fyrr á Þorláksmessu. Viðskiptavinum var þá tilkynnt að afhending færi fram á milli jóla og nýárs, en sú reyndist ekki raunin.

Samkvæmt heimildum eru hjólin enn óhreyfð í tollinum. ■

5 prætuepli í janúar

Skilafrestur

Nær óhjákvæmilegur fylgifyiskur útgjalda í kjölfar jólahátíðarinnar er skilafrestur sem límdur er rækilega á þær vörur sem ekki slógu í gegn á aðfangadagskvöld. Verslanir keppast við að hafa frestinn sem stystan og gera þannig verslunarglöðum neytendum lífið erfiðara áður en útsöluþyngingin hellist yfir og verð vörunnar hriðfellur.



Hann er kannski dimmur og kaldur en með komu þessa fyrsta mánaðar fylgja óhjákvæmilega ótal efni sem landsmenn sameinast um að elska eða hata. Hér koma nokkur dæmi.



Skaupið

Óhætt er að segja Íslendingar sameinast um sterkar skoðanir þegar kemur að ástsælasta sjónvarpsefni allra landsmanna, áramótaskaupinu, og sitt sýnist hverjum á ári hverju. Hér myndast jafnan mikil skoðanaskipti þar sem gríðarlegar væntingar geta umbreytt í mikil vonbrigði þegar niðurstaðan liggur fyrir enda húmor með öllu afstæður.

Ársfjórðungur

Er kominn nýr ársfjórðungur? Eitt lífseigasta prætuepli síðari tíma er þegar kemur að reglunni um hvenær nýr ársfjórðungur gengur í garð en reglulega er deilt um hvort áratugur hefjist á núlli eða einum. Mörgum fannst aldamótin síðustu vera 2000–2001 frekar en 1999–2000. Ef hugmyndin er miðuð út frá Jesú hlýtur hann nú samt að hafa verið núll ára fyrst, eða hvað?



Áramótaheit

Margir strengja þess heit að verða mjórrí, betri og reyklusari útgáfur af sjálfum sér í upphafi árs meðan aðrir, sem sumir myndu segja að væru raunsærri týpur, fyrirlíta svo fögur fyrirheit sem fela oftan en ekki í sér vonbrigði þegar árangurinn lætur á sér standa. Í beinu framhaldi er vert að minnast á yfirfullar líkamsræktarstöðvar sem þekkja aldrei meiri gösentíð og einmitt í þessum mánuði. Hvort sem um er að ræða áramótaheitatýpuna eða heilbrigðu allt árið um kring-týpuna er fátt meira spælandi en uppþokaðir tímar og trúfullur salur af sveitum sportistum.

Veganúar

Fátt er eins heitt í umræðunni og hvers kyns matarkúrar sem allir eiga það sameiginlegt að eiga að stuðla að betri líðan, dýra og manna. Það að vera vegan er mikið „inn“ þessa stundina og margir sem hoppa á vagninn og gerast vegan í janúar. Sitt sýnist hverjum en hví ekki að prófa. Hver þarf hvort ed er á kjöti að halda? Eða gæti glóðvolg kjötsúpa kannski yljað meðan mesta veturharkan herjar á landsmenn?



ht.is

RISA

ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ
MAGN!
SJÁÐU ALLT
ÚRVALIÐ Á HT.IS



Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR HÚSAVÍK AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUBURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

Hver er hún



- Hún er fædd 28. júlí 1979.
- Hún er frá Húsavík.
- Hún byrjaði feril sinn í áheyrnarprufu fyrir ABBA-sýningu sem stóð yfir í þrjú ár.
- Hún býr í Reykjavík, er gift og á tvö börn.
- Nýverið hefur hún vakid mikið umtal fyrir barnabækur sínar.

SAR: BIRGITTA HAUKDAL

Það er staðreynd að...



Að meðaltali er fólk hræddara við köngulær en dauðann.



Bandaríkjamenn borða yfir 10 milljarða kleinuhringja árlega.



Augun á okkur eru alltaf jafn stór frá fæðingu, en nefið og eyrun hættu aldrei að vaxa.



Ef þú óttast allt, þá ertu að öllum líkindum með „panfóbíu“.



Það reynir meira á raddböndin að hvísla en að tala edlilega.



DÝRARA Á NÝJU ÁRI

Verðhækkanir sem áttu sér stað nú um áramótin

A áramótunum tókum við nýju ári fagnandi. Nýtt ár er óskrifað blað og ómögulegt að segja hvað verður. Það eru þó einhverjir hlutir sem við getum slegið föstum og tókum ekki endlega fagnandi og það eru hækkunir á verði og gjaldskráum sem oft eiga sér stað um áramót. DV tók saman nokkur dæmi um herra verð sem fylgdi nýja árinu.

Eldsneytisgjöld

Bensíngjöld hækkuðu um 1,85 krónur á lítra. Kolefnisgjald hækkaði úr 9,10 í 10 krónur á lítra hvað bensín varðar og úr 10,40 í 11,45 hvað dísilolíu varðar.

Olúgjald hækkaði úr 62,85 krónur í 64,40 krónur á lítra.

Bifreiðagjald

Hækkaði um 2,5 prósent.

Sektir við umferðarbrotum

Sekt fyrir að keyra gegn rauðu ljósi hækkaði úr 30 þúsund krónum í 50 þúsund krónur. Hámarkssekt fyrir ölvunarakstur hækkaði um 60 þúsund, úr 210 þúsundum yfir í 270 þúsund.

Mjólk

Verðlagsnefnd búvara ákvað að hækka lágmarksverð á mjólkur til bænda og heilðsöluverð á mjólkur til bænda var 90,48 krónur en er 92,74 krónur. Heilðsöluverð hækkaði um 2,5 prósent.

Áfengis- og tóbaksgjald

Hækkaði um 2,5 prósent.

Nefskattur

Hækkaði úr 17.500 í 17.900.

Úrvinnslugjald á ökutæki

Hækkaði úr 350 krónum í 900 krónur.

Hækkunir hjá Reykjavík

Listasafn Reykjavíkur hækkaði aðgöngugjald úr 1.800 krónum í 1.840 krónur.

■ Leikskólagjöld hækkuðu um 2,5 prósent.

■ Strætó hækkaði fargjöld um 2,3 prósent.

■ Stakt gjald í sund hækkaði úr 1.000 krónum í 1.030 krónur. Árskort fullorðinna hækkaði úr 34.000 krónum í 34.850 krónur.

Keppni í sjálfsklappi og launastríði

Svarthöfði

Svarthöfði ætlar ekki, frekar en flestir, að þverneita fyrir að sigur tónlistarkonunnar Hildar Guðnadóttur á Golden Globe-hátíðinni hafi verið verðskuldaður og kærkominn, enda flink og frambærileg kona í sínu fagi. Þetta greiðir líka augljóslega veginn fyrir hinn tilvonandi og sögulega Óskarssigur Íslendinga ef marka má spána. Hið fúla er að ekkert af þessu skiptir neinu máli fyrir neinn nema einstaklinginn sem tekur við styttni og listaeltuna sem hamrar á samfélagslegu mikilvægi svona apparata.

Þetta er allt saman æfing í sjálfsklappi og launastríði. Sjónvarpsaðdáendur gleðjast yfir því að sjá uppáhaldsstjörnurnar sínar spreyta sig utan vinnu sinnar og vera upp á sitt mannlegasta, en þú finnur aldrei betra dæmi um tilgerð og glans eða sýndarmennsku, sem er á skjön við edli listarinnar.

Verkin tala og list á að vera metin af fólki, ekki nefndum eða papparössum. Að skipa nefnd til þess eins að setja gæðatitla á listræn verkefni undir þeim formerkjum hvað hafi gildi og hvað ekki, fer svolítið gegn því að taka á móti listinni eins og hún



er og myndast þar af leiðandi ógurleg mótsögn með dassi af svokölluðum elitisma. Því er vert að hafa í huga að einu marktæku verðlaunaafhendingarnar eru venjulega þær sem lítið fer fyrir. En ef útsendingin er bein, eru líkur á því að lygin sé það líka.

Verðlaunahátíðir sverja sig í ætt við matvæla- og eldsneytisíðnað, bornar uppi af græðgi, markaðsherferðum og prósentutöllum. Á hverju ári eru þúsundir verðlaunahátíða haldnar, og þar erum við einungis að ræða um Bandaríkin

og kvikmyndabransann, sem gefur vísbendingu um fátíðlega heildarmynd gildisleysisins. Hvernig gripirnir og glansinn missir ekki marks í þessum hafsjó er ofvaxið skilningi Svarthöfða, án þess að dregið sé úr ánægju fólks yfir því að þrasa um það hvaða kjólar eða jakkaföt séu fallegust á rauða dreglinum.

Hildur mun að öllum líkindum vinna þessi Óskarsverðlaun og Svarthöfði mun samgledjast henni fyrir þau tækifæri sem fylgja útbreiðslu á nafni hennar og þeirri launahækkun sem

sjálfkrafa fylgir tilnefningunni einni og vissulega sigrinum. Ísland hefur lengi verið land tilþrifaríks listafólks sem getur allan fjandann og það er svo sannarlega ánægjulegt að fylgjast með stærri heimi fagfólks taka sífellt betur eftir okkar flottu lítilmögnum klakans.

Að gefnu tilefni vill Svarthöfði óska Hildi til hamingju með árangurinn fram að þessu og framtíðina björtu. Hún er búin að vinna fyrir þessu. Nú er hún formlega komin nær því að vera hluti af eina prósentinu. ■

Lífsglöð kona um
fertugt vill kynna
hressu fólki. Er mikill
djassgeggjari og elskar
sígilda swing-tónlist. Er
ástríðufullur kokkur og
algjör sérfræðingur í
pizzugerð
#teamananas!

nánar á einkamál.is



Ófremdarástand á Bráðadeild „Petta mun ekki enda vel“

Sigurlaug sárþjáð í þrettán klukkutíma

Sigurlaug Þuríður Ragnarsdóttir, markaðsfræðingur hjá tímaritinu Icelandic Times, veiktist alvarlega á dögunum og fór upp á Bráðadeild Landspítalans þar sem við tók óhugnanlega löng bið að hennar sögn. Sársaukinn sem hana hrjáði gerði þó biðtímann í hennar huga átakanlegri og bætti óloft, bilanir og þrengsli í biðrymi ekki úr skák.

Sigurlaug rifjar upp þessa orlagaríku nótt og segir í samtali við DV að mikilvægt sé að fólk geri sér grein fyrir því neyðarástandi sem ríkir í heilbrigðismálum landsins,


ekki síst á Landspítalanum. „Þetta er lífshættulegt ástand þarna,“ segir hún.

Sigurlaug kveðst hafa verið látin sitja og bíða á hörðum stól í anddyri bráðamóttökunnar í miðju nýrnasteinakasti. Hún segist hafa kastað upp með reglulegu millibili og hafði verið í níu klukkustundir án vatns eða matar.

„Sjálfsalar voru ýmist tómir eða bilaðir, lyftur bilaðar, óloft og þrengsli, veikt og slasað fólk í rúmum um alla ganga, oft klesst saman,“ segir Sigurlaug. „Ég fékk lokins hægindastól, hitapoka

og lyfjameðhöndlun síðustu þrjár klukkustundirnar, þar sem erlendir læknar sáu að hér var alvara á ferð og ég komst loksins heim eftir þrettán klukkustundir.“

Sigurlaug segist ekki eiga orð til að lýsa ástandinu hjá deildinni og spítalanum almennt. „Ég get vel vitnað um að starfsfólk Landspítalans er að niðurlotum komið og á heiður skilinn fyrir að halda þetta hörmungarástand út,“ segir hún og bætir við: „Þetta mun ekki enda vel. Það sér hver heilvita maður.“ ■



EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

Jöfnunarstyrkur til náms

Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á vorönn 2020 er til 15. febrúar n.k.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem að stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með rafrænum skilríkjum á Mitt LÍN sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar www.lin.is eða island.is. Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.lin.is).

**Lánasjóður íslenskra námsmanna
Námsstyrkjanefnd**



Suðurlandsbraut 14
2. hæð

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frijáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Frekja borgar sig

Í baráttunni við að fá viðeigandi þjónustu í heilbrigðis- og félagskerfinu þá borgar sig vissulega að vera frekar. Krabbameinssjúkur maður lét lífið í haust því hann var ekki nægilega frekur. Þú getur fengið hraðari þjónustu, betri þjónustu, komist á undan öðrum í röðinni, fengið nei-um breytt í já, fengið auka liðsinni, fengið aukna aðstoð, aukna hjálp og meira aðhald. Allt ef þú ert bara nægilega frekur. Þetta eru skilaboðin sem ríkisstjórnin hefur sent okkur og þessa lexíu skulum við læra. Hákarlar fæðast syndandi og það borgar sig að vera frekur, ellegar gæti maður átt hætt á að tapa líftórunni.

Obbossí úps og grjóthaltu kjafti

Um 300 manns tóku þátt í að bjarga 39 ferðamönnum sem lentu í ógöngum í sleðaferð við Langjökul á þriðjudaginn. Þangað hafði ferðabjónustufyrirtækið Mountaineers of Iceland dröslað vesalings fólkinu þrátt fyrir veðurviðvaranir. Þegar blaðamaður Fréttablaðsins leitaði eftir skýringum hjá fyrirtækinu var honum sagt að grjóthalda kjafti. Skömmu síðar mætti rekstrarstjóri fyrirtækisins í viðtali á Bylgjunni þar sem hann bæði baðst afsökunar vegna ákvörðunar fyrirtækisins og reyndi á sama tíma að verja hana. Því sko, þeir ætluðu að vera búnir með ferðina áður en veðrið versnaði. Því eins og allir vita eru veðurspár nákvæmar upp á mínútu. Síðan ætluðu þeir helst að sleppa því að kalla út björgunarsveitirnar því það ætti að sjálfsgöðu að vera seinasta úrræðið. Á meðan máttu ferðamenn gera sér að góðu að hanga úti í frostinu fram yfir miðnætti. En engar áhyggjur, fyrirtækið hefur ákveðið að rannsaka sig sjálf, því það er alltaf farsæl lausn á svona vanda. Væri ekki réttara að stjórnvöld tæku til skoðunar að setja reglur um svona ferðir sem kveða á um fortaks-lausa skyldu til að aflýsa eða greina viðskiptavinum með fullnægjandi hætti fyrir þeirri áhættu sem þeir eru að taka, þegar veðurspáin blessaða hefur gefið fulla ástæðu til.



Í frosti og hríðarbyl Veðrið hefur ekki leikið við landsmenn þessa fyrstu daga nýs árs.

Heilbrigðiskerfi sem drepur – Hver verður næstur, þú eða einhver sem þú elskar?

Leiðari

Erla Dóra
erladora@dv.is



Öldruð kona liggur ein og afskipt á bráðamóttöku Landspítalans. Hún bíður þess að fá niðurstöður úr rannsókn. Hún hefur mátt bíða klukkutímum saman. Hún hefur fengið rúm til að liggja í á meðan hún bíður. En sjúkrahöfud fékk hún ekki og þarf því að gera sér að góðu að liggja fyrir allra augum frammi á gangi. Þar liggur hún og horfir á vansvefta, yfirkeyrða starfsmenn skjóttast upp og niður gangana, á harðahlaupum, jafnvel á hlaupahjólum. Hún er hrædd og hún er berskjölduð. Einkennin sem ráku hana af stað upp á bráðamóttöku svara til einkennis ættgengs sjúkdóms sem leitt hefur marga ástvinu hennar til dauða. Ætli einn af þessum þjótandi starfsmönnum sé á hlaupum til hennar til að kveða upp hennar dauðadóm? Eftir heila nótt á gangi bráðamót-

tökunnar skila niðurstöðurnar sér. Hún hafði ekkert til að hafa áhyggjur af og hún er send heim, heppin að hafa fengið þetta rúm á ganginum, þótt yfir því hafi verið lítil mannleg reisin. Hún fékk þó allavega pláss, rannsókn og niðurstöður. Á henni var tekið mark og ótti hennar kveðinn niður. Ekki allir eru jafn heppnir. Í október á síðasta ári lét maður lífið. Hann hafði kennt sér meins og leitað á bráðamóttöku. Þaðan var hann sendur heim og heima lést hann.

Yfirlæknir á Landspítalanum kvað ástandið á bráðamóttöku hræðilegt og stórslys fyrirsjáanlegt. Stórslysin hafa þó þegar átt sér stað. Þetta er ekki skyndilegur og óvæntur, „force majeure“, vandi. Viðvarandi og kerfisbundid svelt á kerfi hefur átt sér stað undanfarnir ár, en ár hvert virðumst við endurskilgreina þolmörk þessa kerfis, teygja þau aðeins lengra, sætta okkur við aðeins minna og örlítið verra. Lengi get-

ur vont versnað, en ekki endalaust. Nú hefur það verið sagt berum orðum: stórslys er framundan ef staðan breytist ekki til batnaðar. Slysíð er fyrirséð, við því hefur verið varað. Þegar stórslys er fyrirséð en enginn gerir neitt til að afstýra því getur vart verið um eiginlegt slys að ræða. Ekki einu sinni manndráp af gáleysi, hljótist manntjón af slysinu. Nei, köllum háternið sínu rétta nafni. Þarna væri um manndráp af ásetningi að ræða. Þetta stórslys sem varað hefur verið við er þegar hafid. Við erum að horfa á að gerast, hægt og bitandi fyrir augum okkar allra. Gerandinn er Ríkið.

Fyrir nokkrum árum leitaði kona á bráðamóttöku. Hún fór aldrei heim aftur. Hún fékk reyndar sjúkrahöfud, en ekki á þeirri deild sem hún var innrituð á. Hún andaðist um miðja nótt. Deildin sem hún dó á var ekki í stakk búin til að takast á við andlát. Fengu ástvinir konunnar að kveða hana inni á stofunni þar sem hún lá

óhreyfð frá því hún skildi við. Tengd ótal snúrum og slöngum. Á meðan ættingjar struku henni og grétu það starfsfólk þá að grípa allar eitur hennar með sér þegar þeir færu úr herberginu. Þá væri hægt að búa um rúmið að nýju og koma þangað næsta sjúklingi. Konan hafði þá verið látin í um klukkustund, ekki lengur. Ekki mikil mannleg reisin.

Báðar frásagnirnar eru sannar sögur. Sú fyrri átti sér stað nýlega, sú síðari fyrir nokkrum árum. Neyðarástandið sem upp er komið á Landspítalanum er ekki nýtilkomið. Hægur og kvalafullur dauðdagi opinbera heilbrigðiskerfisins hófst fyrir um áratug með samþykki og liðsinni ríkisstjórnarinnar. Á sama tíma fer einkavæðingin sífellt að hljóma betur og betur í eyrum almennings. Hversu mikið aukalega ert þú til í að greiða svo það verði ekki þú eða ástvinur þinn sem heilbrigðiskerfið myndir næst? ■

Spurning vikunnar

Hverjir og hvar voru bestu tónleikar sem þú hefur farið á?



„Það fyrsta sem kom upp var Kraftwerk á Roskilde 1998. Hljómsveitin hafði legið í dvala árum saman og ég hafði eiginlega gefið upp alla von um að sjá hana nokkurn tímann. Stemningin var stórkostleg, fólk á öllum aldri, hippar, pönkarar, rokkarar, alls konar fólk. Svo þegar ljósín slokknuðu og vélmennisröddin byrjaði á „Meine Damen und Herren ...“ þá trylltist allt.“

Flosi Þorgeirsson



„Besta tónlistarupplifunin sem ég man eftir í fljótu bragði var á listahátíðinni Lunga á Seyðisfirði.“

Ágúst Elí Ásgeirsson



„Það væru Gorillaz á Hróarskeldu 2010 í harðri samkeppni við Prince á sömu hátíð. Hér innanlands væri það Nick Cave á ATP 2013.“

Salvör Bergmann



„Það er einfalt, það voru Metallica-tónleikarnir sem ég og Valdimar Fannar, sonur minn, fórum á í Egilshöll 2004, sem var ógleymanlegt. Valdimar var þá 13 ára og það var svo troðið að hann sat á háhesti á mér bókstaflega alla tónleikana, nó djókk.“

Sölvi Fannar Viðarsson

TUDOR rafgeymar

AGM þurrir rafgeymar
fyrir Start-Stop bíla



Viðurkenndir af öllum
bílaframleiðendum

Er snjósleðinn
tilbúinn fyrir
vetrarkuldann?



Betra start fyrir þig og þína

TUDOR
er hannaður til þess að þola
það álag sem kaldar nætur skapa.
Forðastu óvæntar upptakomur.

Við mælum
rafgeyma og
skiptum um
- Hraðþjónusta

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Veldu öruggt start með **TUDOR**


Áreititt í hálftr ári af rúmenskum hælisleitanda

■ Hælisleitandi frá Rúmeníu heldur til í miðborginni og áreitir konur ítrekað ■ „Eins og trúður í hryllingsmynd“

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Ég er búin að búa hérna í tvö ár og hef aldrei lent í neinu í líkingu við þetta. Það er augljóst að þessi maður er veikur á geði,“ segir Lola Leighton, bandarísk kona sem búsett er á Íslandi. Lola hefur undanfarið hálftr ári ítrekað verið áreititt af rúmenskum hælisleitanda á þrítugsaldri sem heldur til í miðborg Reykjavíkur. Hún segist jafnframt vita af fjölmörgum öðrum konum sem hafa verið áreitittar af manningum; hann sé með kynferðislega tilburði, óviðeigandi athugasemdir og í sumum tilfellum eltir hann konur heim. Ekkert er þó hægt að gera þar sem maðurinn hefur ekki beitt ofbeldi eða hótunum.



Sat og starði á starfsfólkið

Lola er sem fyrr segir bandarísk en hefur verið búsett á hér á landi í tvö ár ásamt íslenskum eiginmanni sínum. Í samtali við DV segist hún vita að maðurinn, hinn umræddi hælisleitandi, hafi dvalið á Íslandi í einhvern tíma

og komið til landsins vegabréfslaus.

Hún segir að maðurinn hafi fyrst nálgast hana fyrir rúmlega hálfu ári, þegar hann innritaði sig inn á Loft hótelið þar sem hún starfar.

„Ég fékk þá að heyra langa sögu um að hann væri heimilislaus, héldi til í gistiskýlum og ætti engan pening,“ segir Lola, en hún segir manninn síðan hafa suðað í henni að fá lánaðan farsímamann hennar svo hann gæti hringt í móður sína og fengið hana til að leggja inn á hann pening fyrir hótélherbergi.

„Hann var síðan stöðugt að ráfa úti um allt, var

alltaf að panta sér te án þess að geta borgað fyrir það og var síðan ítrekað að spyrja kvenkyns starfsmenn á barnum hvort þær ættu kærasta. Ég gerði honum skýrt grein fyrir því að ég ætti mann og það hann vinsamlegast um að hætta að áreita samstarfskonur mínar. Hann tók síðan upp á því að setjast beint á móti barnum og stara á okkur á meðan við vorum að vinna.“

Lola segir að henni, og samstarfskonum hennar, hafi liðið afar óþægilega í návist mannsins. Hún nefnir eitt skipti þar sem maðurinn mætti henni í stiganum á hótelinu, greip þéttingsfast um hana, kyssti hana á kinnina og sagði henni „að hún væri falleg“. „Ég fylgdi honum í anddyrið á Loft og gerði honum ljóst að hann væri ekki lengur velkominn inni á staðnum. Hann reyndi að þræta við mig, en hann talar bjagaða ensku þannig að það gekk ekki vel hjá honum.“

„You are so beautiful“

Lola segir að einungis nokkrum vikum síðar hafi maðurinn ítrekað orðið á vegi hennar. Hún var þá byrjuð í námi við Háskóla Íslands og rakst daglega á manninn á leið hennar í skólann. Hún segist þó ekki geta fullyrt að hann hafi setið um hana og bendir á að hann haldi einfaldlega til í miðborg Reykjavíkur og vegna smæðar borgarinnar sé ef til vill óhjákvæmilegt að hún rekist á hann. Hún segir manninn ýmist hafa mætt henni með óhugnanlegt glott á andlitinu, reynt að sníkja af henni sigarettu eða sagt við hana „You are so beautiful.“



Fljótlega hafi hún svo séð manninn í hvert skipti sem hún var á leið í vinnuna á Loft. Hann hafi ýmist verið hangandi fyrir utan skemmtistaði í miðbænum eða nálægt 10-11 í Austurstræti.

„Í hvert sinn sem ég gekk fram hjá honum setti hann stút á varirnar og vinkaði í átt til mín,“ segir hún og líkir manningum við „trúð í hryllingsmynd.“

Lola segir manninn hafa mætt á á Loft á gamlárskvöld, sest beint á móti barnum og starað á hana. Hún segist hafa viljað losna við hann, en ekki hafi verið hægt að láta henda honum út: mikil örtröð var á barnum, og maðurinn hafði ekki beinlínis gert neitt af sér. Maðurinn kom síðan aftur á Loft næsta dag, illa lyktandi og sofnaði í sófa inni á staðnum.

Lola segist hafa sent samstarfsfólki sínu tölvupóst eftir þetta og látið vita að maðurinn væri óvelkominn inni á staðnum. Maðurinn hafi ítrekað komið ítrekað inn á Loft næstu daga, og ávallt verið hent út af starfsfólkinu. „Hann áreitti meðal annars eina af þeim yngstu í starfsmannahópnum með því að grípa í höndina á henni og spyrja hvað hún væri gömul.“

Viðbragðsleysi lögreglu

Lola segist endanlega hafa fengið nóg þann 4. janúar síðastliðinn. Þá hafi hún mætt manningum þegar hún var á leið í vinnuna, enn og aftur hafi hann starað á hana og glott og byrjað að vinka í átt til hennar.

Átta klukkutímum síðar þegar hún var á leið heim úr vinnu þurfti hún að koma við í verslun 10-11. Þar mætti hún manningum eina ferðina enn.

„Hann elti mig síðan út úr versluninni, þrýsti sér upp að mér og sagði: „Hey hey, how about I come home with you? Yeah? I'll come home with you.““

Lola segist hafa „tapað sér“ á þessum tímamarki og byrjað að öskra á manninn sem brást við með því að þykjast ekkert skilja. Hún segist hafa hringt í lögregluna þegar þarna var komið sögu og beðið um aðstoð því karlmaður væri að áreita hana. Því

hafi ekki verið sinnt af hálfu lögreglunnar.

Á dögnum greip Lola til þess ráðs að setja inn fyrirspurn á Facebook, í lokuðum hóp fyrir útlendinga sem búsettir eru á Íslandi. Varpaði hún fram þeirri spurning hvað í ósköpunum hún gæti gert til að tryggja öryggi sitt: „Á ég bara að láta mig hafa þetta? Ekki bregðast við?“

Í samtali við blaðamann DV segist hún hafa fengið gífurleg viðbrögð eftir að hún birti frásögnina. Fjölmargir hafi ritad athugasemdir undir færsluna eða sett sig í samband við hana og sagst kannast við manninn eða hafa séð hann á vappi í miðbænum. Þá hafa fjölmargar konur sett sig í samband við hana og greint frá því að þessi sami maður hafi áreititt þær. „Konur hafa sagt við mig: „Já, ég þekki hann“ og „Hann var að áreita mig fyrir utan Hlemm“ og svo framvegis. Ein segir að hann hafi elt hana heim úr skólanum.“

Þá segir Lola að ungur maður, námsmaður við HÍ, hafi einnig sett sig í samband við hana og sagst hafa þurft að þola áreiti frá manningum í rúmt ár. „Hann sagðist hafa talað við lögregluna, lögreglan sagði honum að hún vissi vel hver þessi maður væri. En það er ekkert hægt að gera,“ segir hún og kveðst í raun ráðalaus í málinu.

Erfitt að fá nálgunarbann samþykkt

Í lögum kemur fram að heimilt sé að leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann, ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á.

Það þarf þó mikið til að nálgunarbann fái samþykkt hér á landi, þrátt fyrir að viðkomandi sitji undir hótunum, áreiti og röskun á friði og friðhelgi einkalífsins. Til að fá nálgunarbann samþykkt þarf að „sýna fram á með óyggjandi hætti að viðkomandi hafi framið brot sem flokkast undir röskun á friði.“ ■



FÍ FERÐAÁÆTLUN FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS 2020



Ég fer á fjöll!

Ferðaáætlun Ferðafélags Íslands 2020 er komin út



Ferðafélag Íslands
www.fi.is

ELÍSABET ER 19 ÁRA OG REKUR BAR Á SPÁNI

■ Skapaði sín eigin tækifæri ■ Íhugar að opna fleiri staði

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Elísabet Rós Fannarsdóttir gerði sér lítið fyrir og opnaði bar og verslun á Torrevieja á Spáni í fyrravor, en Elísabet er einungis 19 ára gömul. Reksturinn hefur gengið vel og staðurinn hefur vakið lukku á meðal hinna fjölmörgu Íslendinga sem búsettir eru á Costablanca-svæðinu.

Upphafið má rekja til þess að Elísabet, Beta eins og hún er kölluð, flutti til Spánar með foreldrum sínum og yngri systur í ágúst 2017.

„Eftir að ég kláraði 10. bekk tók ég mér pásu frá skóla og fór að vinna,“ segir Beta en hún segir hefðbundið bóknað ekki eiga vel við hana heldur vilji hún geri hlutina upp á eigin spýtur. Hún greip tækifærið þegar foreldrar hennar ákváðu að elta drauminn til Spánar og úr varð að fjölskyldan flutti til VillaMartin á Costablanca-svæðinu, en þangað hafa þúsundir Íslendinga flust búferlum undanfarin ár.

Faðir Betu rak prentfyrirtæki á Íslandi og upphaflega var ætlunin að stýra starfsemi fyrirtækisins frá Spáni. Beta segir að það hafi alltaf verið stefnan hjá henni að finna vinnu á Spáni en það reyndist síður en svo auðvelt. Hún ákvað því að skapa sér tækifæri sjálf, með aðstoð foreldra sinna.

„Upphaflega var hugmyndin að vera með veipverslun á netinu en fyrir tilviljun þá fann pabbi húsnæði til leigu. Þannig að planið var fyrst að vera með veipverslun,“ segir Beta en fljótlega kom upp sú hugmynd að opna bar, og selja rafrettur samhliða því. Það gerðist ekki á einni nóttu, sækja þurfti um viðeigandi leyfi, eiga við spænskt regluverk og síðast en ekki síst koma húsnæðinu í stand, en það var galtómt þegar fjölskyldan fékk það afhent. Áður hafði verið rekin þar húsgagnaverslun.

„Það hafði allt verið hreinsað út úr húsinu, og það var ekkert eldhús eða neitt,“ segir Beta og bætir við að faðir hennar hafi veitt henni ómetanlega hjálp við framkvæmdir og séð að mestu leyti einn um að koma upp eldhúsaðstöðu og fleira sem til þurfti.

Það var ekkert verið að flækja hlutina þegar kom að því að velja nafn á staðinn. Barinn hennar Betu heitir einfaldlega Bari-inn. „Við kölluðum þetta alltaf „barinn“ á meðan við vorum að koma þessu í gang og svo ákváðum við



bara að staðurinn myndi heita það.“

Staðurinn var opnaður í maí síðastliðnum og er Beta skráður eigandi, en hún hefur fengið dygga aðstoð frá foreldrum sínum við reksturinn. Barinn er í Capo Roig á Torrevieja-svæðinu, þar sem mörg þúsund Íslendingar hafa fest kaup á fasteignum undanfarin misseri. Hún segir reksturinn hafa gengið vel til þessa.

„Við erum með sæti fyrir 58

manns inni og 20 manns úti. Það er auðvitað aðeins meira að gera á sumrin því þá koma allir túristarnir, en það hefur líka gengið vel núna í vetur, enda fjöldi fólks sem býr hérna allt árið. Bretarnir og Írarnir fara nefnilega alltaf heim á sumrin og koma svo aftur um haustið!“

Hún segist ekki hafa lagt sérstaklega upp með að auglýsa staðinn sem Íslendingabar, þótt vissulega sé betra að skapa sér sérstöðu þegar mikið framboð er

af börum og veitingastöðum. „En Íslendingunum finnst auðvitað mjög gaman að koma og spjalla og sjá að það eru Íslendingar á bak við staðinn. Við höfum verið með viðburði fyrir Íslendinga eins og adventukaffi og hitting á Þorlákssmessu. Við fáum til okkar fólk frá öllum löndum, mest af Bretum og Írum. Við erum með „live“ tónlist og karóki reglulega, ég hef líka tekið að mér að vera sjálf með karóki og spila nokkur lög á úkúlele hérna á barnum.“

Beta sér svo sannarlega ekki eftir að hafa flutt út og skapað sín eigin tækifæri. Hún er ekkert á leiðinni heim og unír sér vel í sólinni á Spáni.

„Ég sé alveg fyrir mér að vera hérna næstu árin og ég kann miklu betur við Spán en Ísland,“ segir hún en hún kveðst jafnvel geta hugsað sér að opna annan bar eða veitingastað í nánustu framtíð. „Ég er mjög ánægð eins og staðan er núna. Við sjáum hvað setur.“ ■

ÚTSALAN ER FULLUM GANGI!

50% ALLT AÐ

AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAD VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

TÖLVU
LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

SEGIR ÓRÓA OG ÓÁNÆGJU MEÐAL STARFSFOLKS STRÆTÓ

■ Starfsmaður Strætó segir starfsandann líða fyrir tíðar mannabreytingar ■ Segir starfsmann hafa hætt vegna eineltis ■ Framkvæmdastjóri vísar staðhæfingum á bug

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Sjaldan eða aldrei hafa verið eins miklar manna-breytingar á skrifstofu Strætó BS og í þjónustuveri. Einn starfsmaður hefur látið af störfum vegna eineltis. Þetta segir starfsmaður hjá Strætó í samtali við DV. Framkvæmdastjóri Strætó vísar þessum staðhæfingum á bug.

Rúmlega 300 manns starfa hjá Strætó BS, þar af um 200 vagnstjórar. Aðrir starfsmenn sinna störfum á verkstæði, þvottastöð, vörulager, í þjónustuveri og á skrifstofu.

Starfsmaðurinn sem DV ræddi við vill ekki láta nafns síns getið af ótta við afleiðingarnar. Starfsmaðurinn segir að allar manna-breytingar á skrifstofu undanfarna mánuði megi rekja til Ástríðar Þórðardóttur, fyrrverandi fjármála-stjóra og aðstoðarforstjóra.

„Hún var rekin í sumar vegna þess að þá hafði hún séð til þess að nokkrir starfsmenn höfðu látið af störfum, meðal annars sölustjóri og yfirmaður tölvumála. Margir hótuðu að segja upp en þá greip Jóhannes forstjóri í taumana og gerði starfslokasamning við Ástríði. Nú síðast þá gafst launafulltrúi upp, eftir um eitt ár í starfi. Þá fór bókarinn í frí vegna kulnunar í starfi.“

Starfsmaðurinn bendir á að á síðastliðnum fimm árum hafi þrjár launafulltrúar hætt störfum hjá fyrirtækinu. „Það segir svolítið um um álagið.“

Þá segir starfsmaðurinn að annar starfsmaður hafi horfið frá störfum vegna eineltis. „Eineltið fólst í því að einn starfsmaður setti alltaf út á annan starfsmann þó svo að viðkomandi gerði allt rétt. Það leiddi til þess að hún hætti í þjónustuverinu.“

Skýrar reglur

Í eineltisstefnu Strætó BS segir meðal annars:

„Strætó á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju. Hvorki einelti né annað ofbeldi verður undir nokkrum kringumstæðum liðið innan vinnustadarsins. Meðvirkni starfsfólks í einelti er fordæmd. Lögð er áhersla á að leysa þau mál sem upp kunna að koma á farsælan og skjótan hátt, samkvæmt þar til gerðum verklagsreglum. Tekið verður á fólkskum ásökunum um einelti af sömu festu og einelti almennt og litið á þær mjög alvarlegum augum.“

Í mannaútsstefnu Strætó BS segir meðal annars að fyrirtækið leggi áherslu á að „að stuðla að vinnsamlegu og fjölskylduvænu starfs-



umhverfi með því að bjóða upp á sveigjanlegt vinnufyrirkomulag og fjölbreytni starfa.“

Á öðrum stað segir að lögð sé áhersla á „að upplýsingagjöf og samskipti séu markviss og áhrifarík.“ Þá segir á einnig að lögð sé áhersla á að „bjóða upp á heilsusamlegt og hvetjandi vinnuumhverfi og félagslíf meðal starfs-

Fólk er að kikna undan álaginu

manna er stuðlar að samkennd og virðingu meðal þeirra.“

Enn fremur: „Strætó leggur áherslu á, sem þjónustufyrirtæki, að hafa í þjónustu sinni starfsfólk sem býr yfir ríkri þjónustulund og hluttekningu; m.a. með því að skapa starfsfólki jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi, efla starfsfólk og styrkja með markvissri þjálfun og starfsþróun og stuðla að virkni og ánægju starfsfólks. Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á að skapa jákvæða og hvetjandi vinnustadamenningu þar sem gagnkvæm virðing og starfsánægja er í fyrirrúmi.“

Þegar DV bar staðhæfingar starfsmannsins undir Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóra Strætó, sagðist hann ekki kannast við þær lýsingar og vísaði þeim alfarið á bug:

„Tveir launafulltrúar hafa færst til í starfi og starfa enn hjá fyrirtækinu. Einn fékk nýtt starf sem nýlök-ið nám nýtist betur í - starfsþróun.“

Aðspurður um fyrrnefnt einelti í garð starfsmanns sagði Jóhannes að engin slík tilkynning hafi borist honum. Þá hafi honum ekki borist kvartanir frá starfsfólki vegna starfa mannaútsstjóra eða starfa deildarstjóra í þjónustuveri. Jóhannes segir enn fremur ekki kannast við ólgu á meðal starfsfólks og ekki kannast við miklar mannabreytingar „umfram það sem eðlilegt er.“

Segir gengið fram hjá reynslumiklum starfsmönnum

Starfsmaðurinn sem DV ræddi við segir jafnframt að megn óánægja sé á meðal starfsmanna varðandi ráðningu í starf bókara, og mörgum sviði að þar hafi verið gengið fram hjá reynslumiklu fólki.

Í júlí síðastliðnum var skrifstofa og þjónustuver Strætó bs. flutt úr Mjódd og yfir í höfuðstöðvar Strætó bs. að Hesthálsi 14. Starfsmaðurinn segir starfsandann ekki hafa batnað við flutningana.

„Það voru hátt í 400 milljónir lagðar í breytingu á Hesthálsi en virðist það ekki hafa dugað til að bæta starfsandann. Það er bullandi óánægja í þjónustuveri með deildarstjóra, sem lofaði í byrjun fundum einu sinni í viku, en svo aðra hverja viku, svo þriðju hverja, en núna lofar hann starfsfólki fundi einu sinni í mánuði. Þá er mannaútsstjórinn ekki talinn sinna starfi sínu sem skyldi. Starfsmenn vilja helst ekkert vita af henni, hún segir eitt í dag og annað á morgun.“

Álagið er alveg rosalegt. Fólk er að kikna undan álaginu. Fólk vill að það sé tekið meira á málunum, og að fleiri verði ráðnir. En það á alltaf að spara og auka sjálfvirkni. Starfsmenn eru oft á tíðum að gefa rangar upplýsingar því þeir fá ekki nógu mikla kennslu.“ ■

J&S Watch co.
REYKJAVÍK



VIÐ KYNNUM
FRISLAND 1941
TÍMALAUS GÆÐI

GILBERT
ÚRSMIDUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavinum, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkum máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.




MoReq2

Próunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúum þeirra



Silkivegurinn

Hvernig Ísland hjálpaði Bandaríkjunum að upp-ræta stóran svartan markað á myrkranetinu

MYND: HANNA ANDRÉSDÓTTIR

■ Sviðsett leigumorð ■ Spilltar löggur ■ Milljarðavelta ■ Tvöfaldur lífstíðardómur

Erla Dóra
erladora@dv.is



Árið 2011 stofnaði ungur Bandaríkjamaður, Ross Ulbricht, vefsíðu í dimmum afkima internetsins, svokölluðu myrkraneti. Síð-

an nefndist Silk Road og varð á næstu árum að risastórum svörtum markaði þar sem alls kyns ólögleg sala átti sér stað. Vopn, fölsuð persónuskilríki, eiturlyf og fleiri ólöglegar vörur gengu þar kaupum og sölu og hirti Ulbricht fyrir vikið ríflegar

söluþóknar. Málið var eitt það stærsta sinnar tegundar sem bandaríska alríkislögreglan hefur tekist á við. Eftirmálar málsins urðu miklir og hafa ekki enn verið útkljáðir í dag. Ísland kom við sögu í málinu og átti lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

stóran þátt í að ljósra upp um málið.

Myrkranetið

Hið sýnilega internet sem við þekkjum flest og notum mikið í okkar daglega lífi er aðeins toppurinn á internetísjakanum. Handan þess sýnilega er gífurlega umfangsmikið myrkranet sem fæstir menn munu nokkurn tímann í lífi sínu sjá. Síður á myrkranetinu birtast ekki á leitarsíðum á borð við Google og þó svo ógjörningur sé að kveða á með fullvissu um umfang myrkranetsins þá hafa sérfræðingar haldið því fram að það sé að minnsta kosti hundrað sinnum stærra en hið sýnilega net. Til þess að fá aðgang að myrkranetinu þarf vissa lagningu og viss tól, þar á meðal netvafrann Tor. Tor var framleiddur af bandaríska hernum og tryggir vafrinn einkennislaus samskipti á netinu.

Ross Ulbricht

Ross Ulbricht var handtekinn árið 2013 vegna aðkomu sinnar að Silk Road. Hann var þá aðeins 29 ára gamall en þá þegar, aðeins tveimur árum eftir að Silk Road fór í loftið, orðinn margfaldur milljarðamæringur.

Hann fæddist í Texas í Bandaríkjunum og nam edlisfræði og verkfræði í háskóla. Hann mætti kalla öfuga frjálshyggjumann. Þrátt fyrir mikla greind og góða menntun hugnaðist honum ekki að verða vísindamaður. Frumkvöðlastarfsemi heillaði hann og hann reyndi fyrir sér í stofnun þónokkurra sprotafyrirtækja, en án árangurs. Hann vantroysti yfirvaldi og ríkisstjórn og taldi stríðið gegn fíkniefnum tapaðan bardaga.

Honum datt því í hug að koma á laggirnar vefsvæði sem væri yfir lög og reglur hafið. Viðskiptavinir síðunnar átti að vera í sjálfsvald sett hvaða efni þeir settu í líkama sína, án þess að eiga á hættu að lenda upp á kant við glæpagengi eða yfirvöld. Viðskiptalíkan síðunnar var ekki ósvipað því sem við þekkjum frá síðum á borð við eBay eða Ali Express. Síðan tengdi saman seljendur og kaupendur og gátu viðskiptavinir gefið seljendum einkunn.

Samskipti í gegnum síðuna áttu að vera með öllu nafnlaus og auðkennalaus. Sala gat aðeins átt sér stað með rafræna gjaldmiðlinum Bitcoin sem að mestu er órekanlegur.

Ulbricht heimilaði þó aðeins glæpastarfsemi sem hann taldi skaðlausu öðrum en notendum. Efni á borð við barnaklám, kjarnorkuvopn, þýfi og leigumorð voru bönnuð og er talið að um 70 prósent af þeim viðskiptum sem áttu sér stað í gegnum Silk Road hafi verið fíkniefnaviðskipti.

Talið er að heildarvelta síðunnar, á þeim tveimur árum sem hún var starfrækt, hafi samsvarað um 125 milljörðum íslenskra króna. Þegar Ulbricht var handtekinn var netvirði hans ríflega þrjú milljarðar.

Íslenska lögreglan til bjargar

Bandarísk yfirvöld urðu meðvitund um tilvist síðunnar um tveimur mánuðum eftir að hún hóf starfsemi sína. Það tók þó tvö ár fyrir þau að komast að nafni Ulbricht. Það var einföld leit í gegnum Google sem að lokum opinberaði nafn hans. Ulbricht hafði ekki verið nægilega varkár. Hann

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:



Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Ross Ulbricht



Curtis Green



”Aðstoð íslenskra löggæsluyfirvalda í máli sem kennt hefur verið við Silk Road reyndist lykilþáttur í að klára málið

notaðist við dulnefnið Dread Pirate Roberts en í árdaga síðunnar hafði notandi undir nafninu Altoïd stundað það á spjallrásum að kynna síðuna. Í einum slíkum spjallþræði hafði Altoïd gefið upp tölvupóstfang. Það tölvupóstfang innihélt fullt nafn Ulbricht.

Einnig tókst alríkislögreglunni að hafa upp á IP-tölu Silk Road og gat þá fundið út hvar í heiminum síðan var hýst. Það var ekki í Bandaríkjunum heldur á lítilli eyju í Eyjahafi – Íslandi. Bandaríkin sendu þá réttarbeiðni til íslensku lögreglunnar þar sem óskað var eftir aðstoð. Þá hófst aðkoma Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á málinu og fylgdist hún með umferð hjá hýsingaraðila síðunnar hér á landi og aflaði gagna. Meðal þeirra gagna voru IP-tölur einstaklinga sem tengdust þeim vélbúnaði sem stjórnaði Silk Road.

Gögnin sem Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu komst yfir reyndust afar mikilvæg fyrir rannsókn bandarísku alríkis-

lögreglunnar og eftir handtöku Ulbricht var íslensku lögreglunni hrósað sérstaklega fyrir aðkomu hennar að málinu í yfirlýsingu sem alríkislögreglan gaf út. Gögnin sem lögreglan á Íslandi aflaði vísuðu á stjórnendur Silk Road og alls konar samskipti sem þar höfðu átt sér stað. Mikilvægt þótti einnig hversu fljótt og vel lögreglan tók í réttarbeiðnina frá alríkislögreglunni, en samstarf löggæsluyfirvalda yfir landamæri getur oft verið hægfare og ekki var í gildi sérstakur milliríkjasamningur um lögreglusamstarf sem hefði geta torvelað málið enn frekar.

Handtaka Ulbricht

Í október árið 2013 var Ulbricht handtekinn á bókasafni í San Francisco þar sem hann bjó á þeim tíma.

Þá var hann með fartölvu þar sem hann var skráður inn sem stjórnandi á umsjónarkerfi Silk Road, á notandanafninu Dread Pirate Roberts. Það myndi því

reynast erfitt fyrir hann að þræta fyrir aðkomu sína að síðunni.

Í fartölvunni fundust einnig milljarða virði af Bitcoin og enn fleiri fundust á USB-lyklum við húsleit á heimili Ulbricht. Ekki nóg með það heldur fannst á fartölvunni dagbók sem Ulbricht hafði haldið og innihélt mikið af gögnum um aðkomu hans að Silk Road.

Morðtilraun

Þegar Ulbricht var leiddur fyrir dómara reyndust ásakanirnar á hendur honum öllu alvarlegri en upphaflega var reiknað með. Þar voru sex ákæruliðir um tilraun til manndráps.

Við rannsókn alríkislögreglunnar var haft uppi á einum stjórnanda Silk Road, miðaldra tveggja barna föður sem kallaðist Curtis Green. Eftir að Green var handtekinn á Ulbricht að hafa óttast að Green gerðist uppljóstrari fyrir lögregluna til að hljóta vægari dóm fyrir brot sín. Ulbricht á þá að hafa haft samband við félag sinn á Silk Road og beðið hann um að myrða Green. Þessi félagi reyndist þó vera fíkniefnalögreglumaður sem hafði farið huldu höfðu á Silk Road til að freista þess að hafa hendur í hári Ulbricht.

Til að koma sér enn frekar í mjúkinn hjá Ulbricht þá sviðsetti lögreglumaðurinn morðið á

Green. Í málinu voru einnig lögð fram sönnunargögn sem sýndu að Ulbricht hafði áður reynt að ráða leigumorðingja til að losna við fjandmenn. Meðal annars átti hann að hafa fengið meðlim í mótörhjólasamtökunum Hells Angels til að drepa notanda á Silk Road sem reyndi að fjárkúga Ulbricht.

Morðákærurnar voru felldar niður áður en málið var tekið í dóm. Engu að síður þóttu brot Ulbricht alvarleg og hlaut hann tvöfaldan lífstíðardóm, auk fjörtíu ára og hefur hann ekki rétt til reynslulausnar.

Farsakenndar vendingar

Fíkniefnalögreglumaðurinn sem sviðsetti morðið til að leiða Ulbricht í gildru heitir Carl Force. Force sankaði að sér yfirgripsmiklum upplýsingum um notandanafn Ulbricht, Dread Pirate Roberts, sem hann síðan notaði til að beita Ulbricht fjárkúgun í skiptum fyrir upplýsingar um framvindu rannsóknarinnar. Force auðgaðist svo enn frekar á málinu með því að selja sögu sína til framleiðenda í kvikmyndaparadísinni Hollywood.

Annar lögreglumaður bandarísku leyniþjónustunnar, Shaun Brigdges, notaði auðkenni Green til að stela peningum Silk Road. Hann stal allt í allt ríflega 100

milljónum af mismunandi reikningum Silk Road.

Eftirmálar

Ulbricht hefur ítrekað reynt að áfrýja fangelsisdómi sínum en án árangurs. Hann hefur í áfrýjunarbeiðnum sínum vísað til spilltu lögreglumannanna tveggja sem greint er frá hér að framan, en þeir voru báðir sakfelldir fyrir brot sín. Ulbricht hefur einnig haldið því fram að lögregla hafi aflað sönnunargagna í málinu með ólögumætum hætti.

Bandaríkin greiddu Íslandi í október um 355 milljónir króna fyrir aðstoð við rannsókn málsins. Fjárhæðin var lögð inn á sérstakan löggæslusjóð á forræði dómsmálaráðherra. Um ráðstöfun fjárhæðarinnar var fjallað á vef stjórnarráðsins í desember og þar sagði meðal annars: „Aðstoð íslenskra löggæsluyfirvalda í máli sem kennt hefur verið við Silk Road reyndist lykilþáttur í að klára málið og lagði lögreglan fram umtalsverða aðstoð í málinu sem skilaði sér í að uppræta ólögumætta starfsemi. Umtalsvert fé var gert upptækt í formi sýndargjaldmiðilsins Bitcoin. Ríkissjóður fékk 15% heildarvinnings eða rúmlega 355 milljónir króna og hefur nú verið lögfest að þeir fjármunir renni í sérstakan löggæslusjóð. Fjármuninum er ætlað að efla tækjabúnað lögreglu til að hún sé sem best í stakk búin og búi yfir nauðsynlegum búnaði til að takast á við skipulagða brotastarfsemi.“

Margir hafa verið handteknir og sakfelldir vegna viðskipta og aðkomu að Silk Road. Meðal annars hafa menn verið handteknir í Svíþjóð, Bretlandi, Ástralíu og Nýja-Sjálandi og samkvæmt heimildum DV er enn verið að fara yfir gögn, rannsaka og saksækja einstaklinga vegna málsins. Ulbricht ætlar ekki að una sínum dóm og sækist enn eftir að fá að áfrýja málinu. Fjölskylda hans hefur staðið fyrir söfnun fyrir lögfræðikostnaði og heldur úti síðu á netinu. Þau mótmæla því hversu þungur dómur Ulbricht er, en brot hans voru ekki ofbeldisfull.

Aðkoma Íslands að málinu er dæmi um farsælt samstarf lögregluyfirvalda þvert á landamæri, en slíkt samstarf, sérstaklega með þeim hraða sem þarna átti sér stað, er ekki sjálfgefið. ■

Berglind framleiðir fatnað sem endist og erfist

Ævintýraþráin leiddi fjölskylduna til Ítalíu - Vörumerkið varð til eftir að kápa sem Berglind saumaði á dóttur sína vakti mikla athygli



Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Fata- og fylgihlutahönnuðurinn Berglind Óskarsdóttir fluttist ásamt fjölskyldu sinni til Ítalíu fyrir fjórum árum en nýlega kynnti hún fata- og fylgihlutalínuna Bibi & Bella sem ætluð er fyrir stelpur á aldrinum 4–10 ára. Merkið leggur áherslu á gæði og framleiðir fatnað sem ætlað er að endast og erfast. Berglind segir aðdragandann hafa verið langan og oft á tíðum strangan sem geri þó afraksturinn þeim mun betri.

Tildrög þess að Berglind fluttist suður um höf var framhaldsnám sem hún hugði á, en hún útskrifaðist sem fatahönnuður frá Listaháskóla Íslands árið 2014. Námið var í Istituto Marangoni-háskólanum í Mílanó og útskrifaðist Berglind þaðan tveimur árum síðar. Hún segir námið hafa verið krefjandi en skemmtilegt og talsvert ólíkt því sem tíðkast hér heima.

„Ég vann lengi vel sem flugfreyja hjá Iceland Express og á þaðan ótrúlega góðar minningar, en eftir að yngri sonur minn fæddist þá langaði mig í meira nám. Ég hef alltaf verið mjög glysgjörn og alltaf haft mikinn áhuga á tísku. Ég er þó ekki týpan sem eltir alla tískustrauma. Ég hef mikinn

áhuga á vönduðu handverki og útsaumur í alls konar formi hefur alltaf heillað mig mjög mikið. Ég ákvað því að sækja um í Listaháskóla Íslands og byrjaði námið þegar Sævar Stormur var átta mánaða og eldri sonur minn, Óðinn Styrkár, var þriggja ára. Þegar ég hugsa til baka þá var það mikið álag og ég varð að vera mjög skipulögð. Eftir námið varð ég ólétt að dóttur minni, Sænni Stellu, og þegar ég var í fæðingarorlofi sótti ég um skólastyrk í Istituto Marangoni í Mílanó í masternám fyrir lúxusfylgihluti og framleiðslu.“

Flutti umsvifalaust út

Berglind kynntist eiginmanni sínum, Þórhalli Sævarssyni, fyrir tæpum tveimur áratugum og þau áttu lengi þann draum að búa erlendis. Hún segir þó ævintýraþrána ekki aðeins hafa ráðið för því vegna vinnu Þórhalls henti fjölskyldunni betur að búa meira miðsvæðis. „Þórhallur er leikstjóri og því starfi fylgja mikil ferðalög, þess vegna einfaldar það okkur lífið til muna að búa hér frekar en á Íslandi. Á þennan hátt eigum við mun fleiri stundir saman sem fjölskylda. Eftir að ég fékk skólastyrkinn var því aldrei neinn vafi í okkar huga og við fluttum umsvifalaust út.

Ég hef alltaf verið mjög glysgjörn og alltaf haft mikinn áhuga á tísku

Dóttir okkar var þarna á fyrsta ári og ég fann fljótt að ég var aftur lent í sams konar álagi og meðan á náminu heima á Íslandi stóð, en að þessu sinni var ég með þrjú börn, í öðru landi og kunnir ekki einu sinni tungumálið. Við þurftum að koma okkur fyrir og aðlagast fljótt og það var ekki alltaf auðvelt. Við ákváðum að setja

börnin í ítalskan hverfissskóla og leikskóla því okkur þótti mikilvægt að þau fengu þessa upplifun í gegn og næðu fljótt tökum á ítölskunnari. Það er ótrúlegt að sjá hvað börn eru fljót að læra, en það tók strákana tvo mánuði að læra ítölsku og þeim hefur alltaf gengið mjög vel í skóla hér úti. Sænn Stella var lengur að byrja að tala en



strákarnir þegar þeir voru litlir, en þegar hún byrjaði þá talaði hún bæði íslensku og ítölsku og núna talar hún einnig ensku.“

Engar hugmyndir slæmar

Berglind segir kostina við flutningana mun fleiri en gallana, en einn helsti kosturinn sé auðvelt aðgengi þeirra að ferðalögum, því fjölskyldan er dugleg að bregða undir sig betri fætinum og kanna nærumhverfi sitt. „Okkur líður vel hérna, þótt auðvitað geri hversdagsleikinn vart við sig hér eins og alls staðar annars staðar. Námið í Mílanó var allt öðruvísi en því sem ég var vön í Listaháskólanum á Íslandi. Heima á Íslandi var miklu meiri áhersla lögð á að prófa sig áfram í sköpun og það mátti gera alls konar mistök og maður fékk einhvern veginn meira pláss. Engar hugmyndir voru slæmar og það mátti alltaf þróa þær áfram. Í Mílanó var áherslan önnur, það var meira verið að þjálfra mann fyrir vinnumarkaðinn og hugmyndir oft dregnar niður því þær þóttu of flóknar fyrir framleiðslu og fleira. Ég var í bekk með krökkum sem voru að koma úr mörgum af bestu skólum heims, en ég fann sem dæmi að námið úr LHÍ gerði mig oft sterkari en flesta hina í

bekknum við að setja saman heildarlinu í hverju verkefni. Í náminu fórum við mikið í heimsóknir í verksmiðjur og skoðuðum hvernig framleiðsla á lúxusfatnaði og fylgihlutum fer fram, það var ótrúlega heillandi. Til dæmis heimsóttum við verksmiðju sem framleiðir töskur fyrir Chanel, þar sátu eldri konur sem hafa starfað við þetta í fjölda ára. Allar voru þær í hvítum sloppum með uppsett hár og varalít. Það er mikilvægt að vita hvaðan þær vörur sem við kaupum koma. Ég kláraði námið og fann í lokin að ég hafði fengið öðruvísi nálgun á hönnunarferlið og var orðin sterkari á margan hátt sem hönnuður. Strax eftir námið sótti ég um nokkur störf og vann sjálfstæð verkefni sem hentaði vel upp á fjölskyldulífið. Ég komst í langt umsóknarferli sem hönnuður hjá Prada, sem fyrir mig hefði verið draumastarf, en á endanum fékk ég ekki starfið, sem var mjög svekkjandi. Á þessum tíma var ítalskan mín einfaldlega ekki nógu góð. Hugmyndin að Bibi & Bella kviknaði þegar dóttir mín var tveggja ára, en ég hafði saumað handa henni kápu og ég fékk svo margar fyrirspurnir og fólk sýndi þessu mikinn áhuga. Ég var samt einnig með aðrar hugmyndir sem mig langaði að

Það er mikilvægt að vita hvaðan vörurnar koma sem við verslum

framkvæma og var ekki alveg viss í hvorn fótinn ég átti að stíga með það. En þessi hugmynd kom alltaf til baka til mín, svo ég ákvað að taka skrefið og hefjast handa. Markaðurinn fyrir barnaföt er á mikilli uppsiglingu erlendis og ég finn að áhuginn er líka mjög mikill á Íslandi. Ég vil samt stíga þessi skref mjög varlega og

er að framleiða í litlu magni. Ég er með yndislega konu hér í Mílanó sem saumar fyrir mig. Áherslan er lögð á að allar flíkur séu mjög vandaðar í efni og frágangi. Ég vil að merkið stækki hægt og rólega og planið er að vinna með ákveðinni verksmiðju hér á Ítalíu þegar ég fer að framleiða í meira magni.“ ■

„Maður þarf ekkert að vera á heilagleikahraðlestinni“

■ Hugleiðsla til að byggja upp jákvæða vinnustaðamenningu
■ Framleiða hugleiðsluhugbúnað fyrir sýndaveruleika

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Kristín Hrefna Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Flow, segist finna fyrir miklum áhuga á hugleiðslu. Hún tók nýverið til starfa innan fyrirtækisins en Flow framleiðir hugleiðsluhugbúnað fyrir sýndarveruleika og snjallsíma. Þrjátíu íslensk fyrirtæki hafa nú þegar gerst áskrifendur að fyrirtækjaþjónustu Flow sem býður aðgang að nútíma hugleiðsluáðferðum í gegnum hátækni sýndarveruleikans og hugleiðsluvinnustofur.

„Það eru ótrúlega spennandi tímar framundan hjá Flow. Við erum með frábærar vörur sem eru að hjálpa fyrirtækjum um allt land að byggja upp jákvæða vinnustaðamenningu sem dregur fram öll þau jákvæðu áhrif sem nútíma hugleiðsluáðferðir geta veitt manni,“ segir Kristín Hrefna, en hún var ráðin til fyrirtækisins í fyrra og sinnir nú stöðu framkvæmdastjóra. Áður vann hún hjá viðskiptaþróunarteymi Meniga og var sérfræðingur í viðskiptagreiningu hjá Valitor ásamt því að sinna stöðu framkvæmdastjóra borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins. Hún er með MBA frá Háskóla Íslands og BA í stjórn málafræði frá sama skóla.

„Það langar svo marga að læra



að hugleiða því flestir vita að það gerir manni gott en það getur verið erfitt að glíma við huga sem vill toga mann út um allt. Mér finnst ágætt

að hugsa um þetta á þann veg að við séum að reyna að vera í núinu til þess að hafa meira vinnsluminni til þess að beita akkúrat núna. Ef ég er

„Maður þarf ekkert ganga um með talnabönd eða vera einhver jógasérfræðingur

BANNER-UP STANDAR



Ódýr og einföld leið til að kynna þína vöru.

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

sífelld að hugsa um það sem ég hefði átt að gera áðan eða í gær eða hvað ég á eftir að gera hef ég miklu minna vinnsluminni til þess að beita í því samtali sem ég er í eða í því verkefni sem ég er að sinna. Ég hugsa að flestir kannist við það að hlusta ekki á viðmælenda sinn með fullri athygli, því þeir eru að hugsa um hvað þeir ættu að segja næst eða hvað þeir ætla að borða á eftir. Það er ágætt að líta á hugleiðslu sem æfingu til þess að vera í núinu og til þess að geta beitt því vinnsluminni sem maður getur haft aðgang að. Það er hægt að æfa sig í því með alls konar leiðum og Flow, sem er hugleiðsluhugbúnaður, er ein þeirra leiða sem hægt er að fara.“

Veikindi herja á fólk óháð fjárhag

Kristín Hrefna segir hugleiðslu frábæra leið til þess að takast á við alls konar vandamál sem herja á fólk úti um allan heim. Þunglyndi, kvíði og streita eru oft erfið veikindi sem fólk glímur við, óháð því hversu mikla peninga það á, hvort það er menntað eða ómenntað, býr í Vesturbænum eða úti í heimi.

„Ég held að það sé ágætt að hugsa um hugleiðslu með aðeins einfaldari og kannski ekki eins leyndar dómsfullum hætti og margir gera. Þetta er fyrst og fremst æfing og því betri sem maður verður í því að hug-

leiða því betri verður maður í því að nota þessa tækni í lífinu. Maður þarf ekkert að vera á heilagleikahraðlestinni, ganga um með talnabönd eða vera einhver jógasérfræðingur. Þetta er spurning um að finna réttar æfingar og gera þær reglulega, svo einfalt er það, en það getur verið erfitt að halda sig við efnið því hugurinn er svo duglegur við að reika í burtu. Þess vegna er mjög gott að nota hjálpartæki eins og hugbúnaðinn frá Flow.“

Sem dæmi nefnir Kristín Hrefna svokallaða sýndarveruleikavöru sem veitir fólki aðgang að stórkostlegu myndefni úr íslenskri náttúru. „Já, þetta er allt saman unnið af verðlaunakvikmyndagerðarmönnum, Árni og Kinski, en þeir gerðu meðal annars myndbönd fyrir Sigur Rós og Snow Patrol. Þeir búa til listaverk úr hverri hugleiðslu þegar þeir tvíanna saman myndefnið, tónlistina og leiða notendur inn í annan heim með þaulreyndum hugleiðslukennurum. Þetta er okkar leið til að leyfa fólki að njóta þeirra eftirsóttu áhrifa sem hugleiðsla getur dregið fram á aðeins fjórum mínútum,“ segir Kristín Hrefna að lokum, en fyrir áhugasama er vert að taka fram að fyrirtækið Flow var stofnað árið 2016 og vann Gulleggð, frumkvöðlakeppni Icelandic Startups árið 2018. ■



Dularfull dauðsföll ákæranda Kevins Spacey - Þrír látnir á innan við ári

■ Samsæriskenning vekur athygli víða ■ Grunur um að leikarinn eigi í hlut

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Bandaríski leikarinn Kevin Spacey hefur lítið verið í sviðsljósinu á undanförunum árum eftir að hafa verið sakaður um fjölda kynferðisbrota. Talið er að rúmlega þrjátíu karlmenn hafi stigið fram og sakað leikarann um kynferðislega áreitni eða kynferðisbrot.

Spacey hefur alla tíð neitað sök en hann hefur verið sakaður um sambærilegt athæfi af fjölmörgum einstaklingum undir lögaldri. Til að mynda er leikarinn sagður hafa áreitt fyrirverandi barnastjörnuna Anthony Rapp. Þá var Rapp um fjórtán ára gamall og þorði hann ekki að segja sögu sína fyrr en eftir að ásakanir á hendur kvikmyndaframleiðandanum Harvey Weinstein komu fram haustið 2017.

Spacey, sem hefur unnið til tveggja Óskarsverðlauna ferli sínum, var rekinn úr þáttunum vinsælu House of Cards eftir að ásakanir gegn honum komust í hárnæli. Þá stóð til að leikarinn léki eitt af aðalhlutverkum myndarinnar All the Money in the World en hann var klipptur út úr myndinni á síðustu stundu.

Leikarinn var ákærður í einu máli í byrjun árs 2019 en í júlí ákvað saksóknari að fella málið niður. Þetta er ekki fyrsta málið gegn honum sem hefur verið fellt skyndilega niður, en frá nýliðnum jólum hefur nafn Spacey verið í brennidepli á margan hátt, ekki síst vegna þess að þrír ákærður leikarans létust á síðasta ári.

Óvænt og umdeild endurkoma

Á aðfangadegi árið 2018, rúmu ári eftir ásakanirnar, gaf hann út umdeilt myndband á YouTube þar sem hann skellti sér



í gervi persónunnar Franks Underwood úr House of Cards. Þetta myndband var í fyrsta skipti sem hann kom opinberlega fram eftir ásakanirnar og vöktu orðin sem hann lét falla gifurlega athygli víða um heim. „Þú myndir ekki trúa svona slæmum hlutum án sönnunargagna, er það nokkuð?“ spurði Spacey og hélt áfram: „Þú myndir ekki draga skjótar ályktanir án staðreyndanna? Ég ætla svo sannarlega ekki að gjalda einhvers sem ég gerði ekki.“

Leikarinn hélt sig áfram fjarri sviðsljósinu í kjölfar birtingar myndbandsins, en netheimar loguðu þegar Spacey skaut upp kollinum á ný síðastliðinn aðfangadag. Blasti þá við önnur jólakveðjan þar sem leikarinn sagðist ekki hafa staðist mátið að óska áhorfendum gleðilegrar há-

tíðar. Í nýja myndbandinu sagðist Spacey vilja stuðla að meiri jákvæðni árið 2020, en bætti svo við: „Ég veit hvað þið eruð að hugsa; er honum alvara? Mér er dauðans alvara. Næst þegar einhver gerir eitthvað sem ykkur mislíkar, getið þið ráðist á viðkomandi, eða sleppt skotvopnunum og gert hið óvenjulega. Þið getið drepit með góðmennskunni.“

Í kjölfar þriðja fráfallsins og þessarar umdeildu jólakveðju hefur þeim farið fjölgandi sem spyrja hvort leikarinn eigi í hlut. Á samfélagsmiðlinum Twitter má finna myllumerkið #SpaceyBodyCount þar sem fólk deilir ýmsum vendingum og kenningum, sem eru margar hverjar skuggalegar.

„Drepa Kevin Spacey“

Fyrsti ákærðinginn sem féll frá var Linda Louise Culkin, sem er talin fyrsta manneskjan sem opinberlega sakaði Spacey um kynferðisbrot gegn ungum piltum. Culkin lést í maí 2019 eftir að hafa orðið fyrir bíl í Massachusetts-fylki í Bandaríkjunum.

Culkin var einnig ýmsum kunn sem elti-hressir Spacey, en árið 2014 var hún dæmd í fjögurra ára fangelsi fyrir að sitja fyrir og elta leikarann. Hún játaði að hafa sent leikaranum hótunarbréf, sprengjuhótanir og hótad honum líkamlegu ofbeldi. Hún hafði áður verið handtekin í ársbyrjun 2012, en á heimili hennar hefðu fundist ljósmyndir af Spacey þar sem augu hans höfðu verið fjarlægð. Einnig fundust nokkur bréf þar sem á stóð „Killing Kevin Spacey“ eða „Drepa Kevin Spacey“.

Harmleikur á jólum

Annar ákærðing lést í september en hann hafði kært Spacey fyrir kynferðisbrot og sagt Spacey hafa neytt hann til að þreifa á kynfærum leikarans. Ákærðinginn bað dómara í lengstu lög að halda nafni hans leyndu þegar kærán var lögð fram. Atvikið átti sér stað árið 2016. Í september í fyrra, rúmum mánuði eftir að kærán var komin í farveg og réttarhöld væntanleg, féll hann frá. Dánarorsök er enn ókunn en til stóð að fella málið niður.

Að kvöldi jóladags, degi eftir birtingu myndbandsins áður nefnda, var tilkynnt var um andlát enn eins ákæranda, Aris Behn, og sagt að hann hefði svipt sig lífi. Behn var bæði rithöfundur og myndlistarmaður en hann og Mārtha Louise Noregsprinsessa voru gift í 14 ár og eiga þrjú börn saman. Umboðsmaður Behn tilkynnti að hann hefði framið sjálfsvíg. ■



SEALSKINZ®

FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



Sealskinz er breskt fyrirtæki sem framleiðir einstaka línu af vatnsheldum vörum fyrir höfuð þitt, hendur og fætur.

Sealskinz notast við 3ja laga einkaleyfisskráða tækni í þrjúnum sokkum, hönskum og húfum til að búa til óaðfinnanlegar vörur sem eru algerlega vatnsheldar en anda engu að síður.

Endursöluaðilar:

Reykjavík Lífland / Icewear Austurstræti, Þingholtsstræti & Laugavegi / GG Sport / Arctic Trucks / Ellingsen / Veiðifélag RVK **Þingvellir** Þjónustumiðstöðin **Borgarnes** Lífland **Ísafjörður** SB **Sauðárkrúkur** KS **Siglufjörður** SR byggingar **Akureyri** Lífland / Veiðiríkið / Icewear / Hornið veiði og útivist / Ellingsen / Goðafoss **Goðafoss** Fosshóll **Mývatnssveit** Dimmuborgir **Egilsstaðir** Mördudalur Fjalladýrð **Reyðafjörður** Veiðiflugan **Norðfjörður** Multitask **Vík** Icewear **Hvolsvöllur** Lífland **Gullfoss** Gullfosskaffi **Blönduós** Lífland **Vestmannaeyjar** Icewear



Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is



ARIENS®



Ariens var stofnað árið 1933 í Wisconsin í Bandaríkjunum og þar hafa bæði hönnunin og framleiðslan verið allar götur síðan enda fyrirtækið gengið, föður til sonar í fjórar kynslóðir.

Komin er margra áratuga reynsla á snjóblásarana frá Ariens við krefjandi aðstæður í Bandaríkjunum, Canada, Skandinavíu og víðsvegar annars staðar í Evrópu. Ariens eru mest seldu tveggja þrepa snjóblásarar í heiminum, þekktir fyrir einstök gæði, afl og endingu.

Jötunn hefur síðastliðin 3 ár selt snjóblásara o.fl. vörur frá Ariens sem hafa reynst einstaklega vel í íslenskum aðstæðum.

ARIENS
Classic 24E



Vélarstærð: 208cc
Vinnslubreidd: 60cm
Vinnsluhæð: 50.8 cm
Blásturslengd: allt að 12m
Startari: Handtrekktur/rafstart
Gírar: 6 áfram/ 2 aftur
Mótor: Ariens AX

249.500

ARIENS
28 DLE



Vélarstærð: 420cc
Vinnslubreidd: 71cm
Vinnsluhæð: 59.7 cm
Blásturslengd: allt að 18m
Startari: Handtrekktur/rafstart
Gírar: 6 áfram/ 2 aftur
Mótor: Ariens AX

495.900



Veganúar sætindi

Þú trúir aldrei hvert leynihráefnið er!

Erla Dóra
erladora@dv.is



Janúar hefur undanfarin ár verið tileinkaður grænkeru lífsstílnum og gengur þá gjarnan undir nafninu Veganúar. Því er upplagt að prófa sig áfram í eldhúsinu. Bláðamaður rakst á þessar skemmtilegu grænkeru útgáfu af vinsælum sætindum sem innihalda óvenjuleg hráefni sem seint hafa verið tengd við sætindi. Þetta eru

baunir. Já, þú last rétt, baunir í sætindum. Komdu fjölskyldu og vinum skemmtilega á óvart með baunasúkkulaðibitakökum eða baunabrúnkum og sjáðu svipinn á þeim þegar þú tilkynnir þeim hvað þeir voru í raun að borða. Ekki vera prinsessan á bauninni, baun er betri í köku en í bala. Ekki skemmir svo fyrir að báðar þessar uppskriftir eru sérlega ljúffengar og því ætti enginn að þurfa að hrauna eða bauna yfir þær.



HÖFUNDUR UPPSKRIFTAR: CHOCOLATE COVERED KATIE

Svartbaunabrúnkur

- 1 ½ bolli svartar baunir (1 dós)
- 2 msk. kakó
- ½ bolli haframjöl
- ¼ tsk. salt
- 1/3 bolli hlynsíróp
- 2 msk. sykur*
- ¼ bolli kókosolía eða önnur grænmetisolía
- 2 tsk. vanilludropar
- ½ tsk. lyftiduft
- ½-¾ bolli súkkulaðidropar

*Í stað sykurs má nota smá klípu af óskorinni stevíu eða sleppa sykrunum alfarið og auka magn hlynsíróps í ½ bolla

Aðferð:

Ofn hitaður í 175 gráður. Vökvi sigtaður af baunum og baunir skolaðar. Öllum hráefnum blandað saman í matvinnsluvél þar til kekkjalaust deig hefur myndast. Einnig er hægt að nota blandara, en höfundur uppskriftar mælir fremur með matvinnsluvél. Súkkulaðidropum blandað varlega saman við og deigi síðan hellt í 20x20 cm. eldfast mót.

Bakað í 15-18 mínútur. Kælið í minnst 10 mínútur áður en skorið er í bita. Ef brúncan virðist aðeins laus í sér eða hrá eftir baksturstímann er hægt að setja hana í ísskáp yfir nótt og borða daginn eftir.



HÖFUNDUR UPPSKRIFTAR: DETOXINISTA

Súkkulaðibitakökur úr kjúklingabaunum

- 1 ½ bolli kjúklingabaunir (ein dós)
- ½ bolli hafraveiti*
- ¾ bolli kókossykur
- 3 msk. kókosolía (bráðnuð)
- 1 msk. vanilludropar
- ½ tsk. salt
- ½ tsk. matarsóði
- 1 tsk. eplaedik
- ¾ bolli dökkir súkkulaðidropar

*Hafraveiti má búa til með því að setja hafra í matvinnsluvél eða blandara og vinna svo saman þar til hveitiáferð næst

Aðferð:

Hitaðu ofn í 175 gráður og settu bökunarpappír á ofnplötu. Settu kjúklingabaunir, kókosolíu og vanilludropa í matvinnsluvél þar til allt er vel blandað saman. Bættu þá við kókossykri, hafraveiti, salti, matarsóða og ediki og blandaðu þar til það er kekkjalaust og mjúkt deig hefur myndast.

Bættu þá súkkulaðidropum rólega saman við með sleikju eða sleif. Notaðu matskeið til að setja deig á ofnplötu og flettu út með blautum fingrum. Bakaðu þar til sprungur myndast ofan á kökunum og jaðrar eru þurrir, eða um 18-20 mínútur. Leyfðu kökunum að kólna alveg áður en þær eru bornar fram.



SELFIE.IS:

Myndar gleðina í þinni veislu!

Ljósmyndabox eru sífellt algengari sjón við hvers kyns tilefni. Afmæli, fermingarveislur, brúðkaupsveislur, skóláböll, árshátíðir og margt fleira. „Fólk er að átta sig á hvað þetta er sniðug viðbót í veisluna. Ekki skemmir fyrir að kostnaðurinn kemur skemmtilega á óvart, því þetta er alls ekki dýrt, en afraksturinn er aftur á móti ómetanlegur. Það myndast skemmtileg stemning og eftirvænting í kringum kassana sem erfitt er að toppa. Þegar mynd er tekin, er í boði fyrir þá sem eru á myndunum, að láta senda sér í sms, tölvupósti, nota QR kóða eða fá myndina útprentaða þegar leigður er prentari með myndaboxinu. Leigutakinn fær allar myndirnar og Selfie geymir myndirnar í tvö ár. Í lok viðburðar er því til fullt af skemmtilegum myndum sem gaman er að fletta í gegnum og minnst góðra stunda,” segir Ægir, annar eigenda Selfie.is.

Í Reykjavík, Akureyri og Ásafirði!

Selfie.is byrjaði árið 2018 að leigja út myndabox í veislur. „Upphaflega vorum við staðsett í Reykjavík, með þrjú myndabox og nokkra bakgrunna, en þetta hefur stækkað hratt. Í dag erum við með fimmtán myndabox, yfir áttatíu bakgrunna og erum staðsett í Reykjavík, Akureyri og Ásafirði. Því getum við þjónustað stóran hluta af landinu. Þá bjóðum við fólki einnig upp á að sækja til okkar gráa myndaboxið og

setja sjálf upp, t.d. ef um er að ræða veislur úti á landi. Gráa boxið er með ljósmyndavél og stúdíóljósi eins og stærri myndaboxin okkar, en er leigt í helgarleigu, frá föstudegi til sunnudags (eða eftir samkomulagi) og því á sama verði.”

Myndabox í kynningarskyni

Myndaboxin eru stórsniðug og skemmtileg lausn fyrir fyrirtæki til að nota í kynningarskyni. „Þá er vinsælt að halda viðburði og vörukynningar á vegum fyrirtækisins og leigja myndabox.

Hægt er að setja lógó fyrirtækisins á myndirnar sem koma úr boxinu, starfsmenn og gestir deila myndunum á Facebook og Instagram og fyrirtækið verður sýnilegra á samfélagsmiðlum. Einnig hafa fyrirtæki verið að nýta sér myndaboxin í starfsmannamyndatökur, en þetta er mjög hentug lausn þar sem hægt er að velja úr myndum og myndirnar koma strax,” segir Ægir.

Frábært úrval

Selfie.is býður upp á fjölbreytt úrval af myndaboxum með mismunandi útlit sem passa í margs konar veislur. „Við leggjum mikla áherslu á gæði myndanna, þ.e. að myndaboxin séu með alvöru ljósmyndavél sem skila

skýrum og flottum myndum. Við bjóðum einnig upp á myndabox þar sem iPad tekur myndirnar eins og t.d. Selfie hringurinn.”



Gestabókin hefur aldrei verið svona flott

Stærri myndaboxin hafa það fram yfir þau minni að þau hafa möguleika á tengingu við ljósmyndaprentara sem prentar út allt að 700 myndir á staðnum. Selfie.is býður þá upp á gestabækur sem er afar sniðug viðbót í veisluna ef leigður er prentari. Gestabókin er með plastvasa sem myndirnar passa í og þarf því ekki að líma myndirnar í bókina. Þá þarf einungis að smella myndinni í og skrifa skemmtilega kveðju við myndina.

Brons, silfur og gull!

Selfie.is hefur sankað að sér yfir áttatíu mismunandi bakgrunnum og skemmtilegum leikmunum til þess að hressa upp á myndirnar. „Flottur bakgrunnur gerir myndirnar skemmtilegri og eftirminnilegri. Safnið okkar er sístækkandi og bakgrunnar okkar henta við hvaða tilefni sem er. Við erum með brons-, silfur- og gullpakka ásamt því að sérsníða pakka fyrir viðskiptavini.”

- Bronspakkinn inniheldur myndabox, uppsetningu og frágang.
- Silfurpakkinn, sem er vinsælastur hjá okkur, inniheldur myndabox, bakgrunn og leikmuni.
- Gullpakkinn inniheldur mynda-

box, bakgrunn, leikmuni, prentara og 100 myndir. Þá er hægt að fjölga myndunum í 700 með litlum viðbótarkostnaði.

Á meðan myndaboxin eru í leigu erum við alltaf á vaktinni og hægt að hringja í okkur. Öll myndaboxin eru til sýnis á heimasíðunni selfie.is með stjörnuhjól sem segir til um gæði myndaboxanna.

20% afsláttur á nýju ári

„Við byrjum nýtt ár með að bjóða upp á 20% afslátt sem endar 15. febrúar næstkomandi. Nota þarf kóðann selfie20 við pöntun. Heimasíðan okkar er einföld í notkun og hægt er að panta allt á henni. Við bjóðum fólki upp á að greiða með greiðslukorti, Netgiró, Pei, millifærslu eða að fá innheimtukröfu í bankann.

Það er um að gera að nýta sér afsláttinn sem fyrst og tryggja myndabox í veisluna í tæka tíð því á seinasta ári voru margar helgar fullbókaðar. Við höfum fengið að taka þátt í að skapa minningar með fjölda fólks og erum komnir með fasta viðskiptavini sem leigja aftur og aftur myndabox hjá okkur. Við leggjum okkur fram við að þjónusta okkar viðskiptavini sem best.”

Selfie.is – myndaðu gleðina með okkur
Sími: 519-3636

Tölvupóstur: selfie@selfie.is
Facebook: [Selfie.is Myndabox](https://www.facebook.com/selfie.is)
Instagram: [Selfie.is](https://www.instagram.com/selfie.is)



SAKAMÁL



AFDRIFARÍK ÁTÖ

■ Evelyne kom ekki heim úr kvöldskóla ■ Skotin til bana með riffli ■ Mordingin



Robert Greiner
Réttvísinn náði í skottið á honum eftir 19 ára leit.

19 ár leitaði lögreglan í Avignon í Frakklandi dyrum og dyngjum að morðingja Evelyne Boucher, 16 ára stúlku sem var myrt árið 1987.

Það var ekki fyrr en árið 2006 sem hljóp á snærið hjá þeim sem höfðu af mikilli elju skoðað í þaula allar þær vísbendingar sem fyrir lágu á þeim tíma.

Oft þarf ekki nema smávægileg atvik til að gömul mál opnast upp á gátt, eins og máltækið segir; oft veltir lítil þúfa þungu hlassi.

Hvarf á heimleið

Áður en lengra er haldið er vert að huga að málavöxtum 19 árum fyrr. Að kvöldi 9. desember, 1987, lauk kennslustund í kvöldskóla sem Evelyne sótti í Avignon. Hún fór með strætisvagni til þorpsins Villeneuve-les-Avignon þar sem hún bjó.

Hún steig af vagninum ásamt vinkonu sinni, sem var henni samferða, og skildi leiðir þeirra þegar þær voru í um 300 metra fjarlægð frá heimili Evelyne.

Evelyne Boucher sást ekki á lífi eftir þetta.

Fátt um vísbendingar

Nánast nakið lík Evelyne fannst daginn eftir í kjarri í bænum Angles í um 100 kílómetra fjarlægð frá Villeneuve-les-Avignon. Föt hennar höfðu verið brotin saman og lögð snyrtilega við hlið skólatösku hennar.

Evelyne hafði verið nauðgáð og hún síðan skotin til bana með riffli af stuttu færi.

Eina vísbendingin sem lögreglan fékk var frá konu sem bjó þar ekki langt frá. Sagði konan að hún hefði séð lítinn, ljósan bíl sem ekið hefði verið frá vettvangi. Það var allt og sumt.

Slegist um bílastæði

Vindur nú sögunni fram til 2006, að litlu þúfunni og þunga hlassinu. Svo bar til um þær mundir að tveimur karlmönnum lenti saman á bílastæði í borginni Nimes.

Deiluefnið var ekki merkilegt; hvor ætti rétt á auðu stæði, hvor hefði komið fyrst og eitthvað viðlíka. Merkilegt eða ekki, þeir létu hendur skipta og lögreglan var kölluð til.

Annar karlanna kemur ekki frekar við sögu, en hinum, Robert Greiner, fyrrverandi slökkviliðs-

Robert hristi neitandi höfuðið og sagði: „Það kemur ekki til mála.“

manni sem þá var sestur í helgan stein, var gert að mæta fyrir dómara í Nimes og gera grein fyrir sínum þætti.

Lífsýnis krafist

Robert fór að þeim fyrirætlum og var þegar upp var staðið sektaður fyrir uppákomuna á bílastæðinu. Maður skyldi ætla að þar með væri þætti Roberts lokið.

Því fór þó fjarri því saksóknarinn fór fram á að Robert Greiner, 53 ára, tveggja barna faðir, léti réttinum í té DNA-sýni sem var reyndar talið nokkuð fast verklag á þeim bæ.

Mikið varð fólk hissa þegar Robert hristi neitandi höfuðið og sagði: „Það kemur ekki til mála.“

Robert heimsóttur

Reynsluboltar innan réttarkerfisins reyndu að telja Robert hughvarf en töluðu lengi vel fyrir daufum eyrum. Um síðir lét Robert þó undan og samþykkti að afhenda DNA-sýni.

Nokkrum vikum síðar, í júní nánar til tekið, bönkuðu lögreglumenn upp á heima hjá Robert sem varð furðu lostinn þegar einn lögreglumannanna sagði: „Okkur langar að spyrja þig nokkurra spurninga í tengslum við morð sem var framið fyrir 19 árum.“

Eilíf öngstræti

Sem fyrr segir hafði lögreglan víða leitað hófanna í leit að morðingja Evelyne. Á meðal þess sem gert hafði verið var að bera saman DNA-sýni af vettvangi glæpsins við DNA-sýni úr Michel nokkrum Fourniret, raðmorðingja sem fékk viðurnefnið „Úlfurinn í Ardennes“.

Einnig hafði verið grafið upp lík raðmorðingja að nafni Robert Succo á Ítalíu, því það þótti

VIÐ KYNNUM NÝTT
ARC-TIC **RETRO** TUNGL
GÆÐA ÚR Á GÓÐU VERÐI
42MM 316L STÁLKASSI
HVÍT SKÍFA, LEÐUR ÓL
SVISSNESKT QUARTZ GANGVERK
ÍSLENSK HÖNNUN
ARC-TIC
I C E L A N D

VERÐ AÐEINS:

29.900,-



GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



ÖK Á BÍLASTÆÐI

ann lék lausum hala í tæpa tvo áratugi ■ Tilviljun varð honum að falli



Evelyne Boucher Ómerki-
legt atvik leiddi
lögregluna á slóð
mörðingja hennar.

fullsannað að hann hefði verið í grennd við Avignon daginn eftir að lík Evelynne fannst.

En lögreglan hafði siglt í strand í allri sinni viðleitni.

Neitaði sök

Þegar Robert var upplýstur um samsvörun lífsýnanna reiddist hann og neitaði að hann ætti nokkra aðild að morðinu á Evelynne.

Ónafngreind kona, sem á sínum tíma hafði verið besta vinkona Evelynne, sagði að hún hefði iðulega séð Robert á kránni sem

Evelyne vandi komur sínar á.

Robert vísaði því á bug og sagðist aldrei hafa stigið fæti sínum inn á umræddan bar.

Robert leggur spilin á borðið

Réttarhöld yfir Robert Greiner hófust í apríl árið 2008 og bar lögfræðingur hans brigður á niðurstöðu rannsóknar á lífsýnunum.

Sérfræðingur í rannsókn lífsýna var kallaður til og sýndi svo ekki varð um villst að lífsýni sem fannst á Evelynne gat ekki tilheyrð öðrum en Robert.

Að lokum viðurkenndi Robert

að hafa átt samræði við Evelynne og var á honum að skilja að hann hefði ekki munað eftir henni því hann hefði haldið framhjá með svo mörgum konum.

Lífstíðardómur

Robert Greiner fékk lífstíðardóm í apríl 2008. Hann áfrýjaði dómnum í tvígang, í september 2008 og í júní 2010. Í fyrra skiptið var lífstíðardómurinn staðfestur og í síðara skiptið vísaði áfrýjunardómstóll áfrýjuninni einfaldlega frá. ■

„**Okkur langar að spyrja þig nokkurra spurninga í tengslum við morð sem var framið fyrir 19 árum.**

Tveggja landa þorp

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Hugsanlega hafa ekki margir heyrt um þýska þorpið Büsingen am Hochrhein enda er þetta bara smáþorp þar sem um 1.450 manns búa. En þorpið og saga þess er stórmerkileg og vitnar um hvernig fólk af ólíkum þjóðernum getur náð saman og búið í návígi við hvert annað án mikilla vandkvæða. Þorpið hefur verið nefnt sem hugsanleg fyrirmynd að lausninni á landamæramálum Írlands og Norður-Írlands nú þegar Bretland yfirgefur Evrópusambandið en landamæramálið hefur verið þungt í vöfum.

En víkjum aftur að Büsingen am Hochrhein sem hefur tekist að vera tveggja þjóða þorp öldum saman án mikilla vandræða. Í umfjöllun BBC um þorpið segir meðal annars að það hafi vakið athygli þann 1. ágúst, sem er þjóðháttíðardagur Sviss, að fólk flyktist út á götur þorpsins, götur og hús höfðu verið skreytt svissneska fánanum í tilefni dagsins og fjöldi fleka og kanóa hefði siglt eftir Rín. Ekki hafi verið annað að sjá en hér hafi verið um fallega sviðsmynd að ræða í svissnesku þorpi en þó hafi eitt atriði skorið sig úr. Það er að þorpið sem um ræðir, Büsingen am Hochrhein, er þýskt og þessi háttíðarhöld hafi því farið fram í Þýskalandi.

„Það er gott að fagna dögum sem þessum. Þetta er bara eitt hvað sem við gerum. Sál okkar og hjarta er Sviss.“

Er haft eftir Roland Güntert, varabæjarstjóra Büsingen am

Hochrhein. Hann segir fyrirkomulagið ósköp einfalt, í þorpinu gildi þýsk lög og þýsk stjórnvöld ráði þar ríkjum. Hvað varði efnahagsmálin þá sé þorpið svissneskt.

Þá vaknar spurningin; af hverju Sviss er hjarta og sál þýsks þorps? Ástæðan er sú að þetta litla þorp er algjörlega umlukkið Sviss. Þorpið er alls ekki landfast við Þýskaland en 700 metrar eru til þýsku landamærunna. Þetta er mjög sérstakt fyrirkomulag, landfræðilega, stjórnfræðilega og skipulagslega. Til eru lönd sem eru algjörlega umlukin öðru landi, til dæmis Lesótó sem er umlukkið af Suður-Afríku. En ekki er mikið um að heilu þorpin eða bæirnir séu algjörlega aðskildir frá móðurlandinu en þó eru til önnur dæmi um það og má þar til dæmis nefna ítalska bæinn Campione d'Italia sem er einnig í Sviss. Þar búa um 2.000 manns en 23 kílómetrar eru frá bænum til ítölsku landamærunna. Frá sjöunda áratug nítjándu aldar giltu svissnesk tolla- og skattalög í bænum en það breyttist nú á nýársdag. Þá færðist bærin algjörlega undir ítalska stjórn þrátt fyrir að íbúar hans hafi ekki viljað það. Það er því komið að endalokum lágra skatta og svissneskrar þjónustu í bænum en fram til áramóta var 7,7% virðisaukaskattur gildandi í bænum eins og í Sviss en hann hækkaði í 22% um áramótin til jafns við það sem gildir annars staðar á Ítalíu. Bæjarbúar notuðu svissneska franka og bílar þeirra voru með svissnesk skráningarnúmer. Auk þess sáu svissnesk yfirvöld um sorphirðu í bænum sem og rekstur vatnsveitu.



Þýskt og svissneskt

Eins og áður sagði eru um 700 metrar til landamæra Sviss og Þýskalands frá Büsingen am Hochrhein en þorpið tilheyrir Þýskalandi stjórnskipulega séð og pólitískt. Hvað varðar efna-

hagsmálin þá má segja að þá sé þorpið svissneskt. Þorpið stendur utan Evrópusambandsins eins og Sviss, en Þýskaland er hins vegar aðili að sambandinu. Af þessum sökum hefur þorpið verið nefnt til sögunnar sem fyrirmynd að lausn landamæramáls Írlands og Norður-Írlands við útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Fyrir þremur árum lagði Alasdair McDonnell, norðurírskur þingmaður, til að Norður-Írland fengi sérstaka stöðu á borð við þá sem Büsingen am Hochrhein nýtur. Samkvæmt þeirri sérstöðu myndi vera mjög takmörkuð tollgæsla og eftirlit með ferðum fólks yfir landamæri ríkjanna, en það er einmitt þannig sem staðan er á „landamærum“ Büsingen am Hochrhein og Sviss. Með slíku fyrirkomulagi gæti Norður-Írland sagt skilið við Evrópusambandið en samt haldið nánnum tengslum við Írland.

En ekki eru allir ginnkeyptir fyrir þessari tillögu og telja erfitt að yfirfæra fyrirkomulagið í Büsingen am Hochrhein yfir á landamæri Írlands og Norður-Írlands þar sem mannfjöldinn sé miklu meiri en um 1,8 milljónir búa á Norður-Írlandi.

Á veitingahúsinu Restaurant Waldheim sést vel að þorpið tilheyrir eiginlega tveimur löndum. Á útisvæði veitingahússins liggur landamæralína sem gerir að verkum að það er hægt að sitja í Sviss og borða steik en teygja sig eftir bjór yfir til Þýskalands.

Andstæður í hinu daglega lífi

Það hefur auðvitað ákveðin áhrif á þorpsbúa að búa í tveimur

Büsingen am Hochrhein
Mynd: Wikipedia



löndum og þeir þurfa stundum að taka ákvarðanir því tengdar. Í Þýskalandi er evran gjaldmiðillinn en í þorpinu er yfirleitt notast við svissneska frankann. Flestir þorpsbúa vinna í nærliggjandi svissneskum bæjum en greiða skatta í Þýskalandi (sem eru hærri en í Sviss). Börnin ganga í þýskan grunnskóla í bænum en þegar kemur að því að fara í framhaldsskóla geta þau og foreldrar þeirra valið á milli landanna hvað það áhrærir. Þorpsbúar eru bæði með þýsk og svissnesk póstnúmer og það sama á við um símanúmer. Það er hægt að velja bæði +49 (þýska landsnúmerið) og +41 (svissneska landsnúmerið) þegar hringt er í þorpsbúa. Það er auðvitað knattspyrnulið í bænum og er það eina þýska liðið sem fær að spila í svissnesku deildarkeppninni. Íbúar í bænum eru sagðir tala þýsku eins og Svisslendingar, það er að segja þýskan þeirra er aðeins öðruvísi í framburði en annars staðar.

Sagan

Það er ákveðin saga á bak við þessa sérstöku stöðu þorpsins og má rekja hana allt aftur til 1693, löngu áður en Þýska-

ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

HUNDAFÓÐUR
ÁN HLIÐSTAÐU

gæludýr.is
www.gaeludyr.is



land varð til. Þá tilheyrði þorp-ið Austurríki. Þá blossuðu fjöl-skyldudeilur upp í tengslum við bandalög tengd trú. Þær enduðu með því að þorpshöfð-ingjanum, sem hallaðist að kaþ-ólskri trú, var rænt. Frændur hans rændu honum og fluttu til bæjarins Schaffhausen í Sviss, sem var mótmælendatrúar, þar sem hann var dæmdur í ævi-langt fangelsi. Hann var þó lát-inn laus eftir sex ár, eftir að Aust-urríkismenn hótuðu að ráðast á Schaffhausen.

Nokkrum áratugum síðar seldi Austurríki eigur sína og jarðir í Sviss til kantónunnar Zürich en hélt þó Büsingen am Hochrhein eftir. Íbúar bæjarins eru sagðir hafa þverskallast við að ganga Sviss á hönd og sagt að það myndu þeir aldrei gera. Þegar hluti af aust-urríska keisaradæminu lenti undir þýskri stjórn á nítjándu öld fylgdi Büsingen am Hochrhein með. Svisslendingar reyndu að koma skikki á þessi mál 1919 og blésu til atkvæðagreiðslu meðal þorpsbúa um hvort þeir vildu yfirgefa Þýska-land og ganga Sviss á hönd. Um 96% þeirra samþykktu að segja skilið við Þýskaland. En stjórnvöld í Berlín höfðu engan áhuga á að gefa þorpið upp á bátinn, kannski



Býskaland
Þýskt yfirráða-
svæði, en umluk-
ið svissnesku
yfirráðasvæði.

sérstaklega vegna þess að Sviss bauð ekkert í skiptum fyrir það.

Eins ótrúlegt og það virðist þá hélt staða Büsingen am Hochrhein sér óbreytt í gegnum síðari heimsstyrjöldina. Þýskir hermenn, sem voru frá þorpinu, urðu að sýna skotvopn sín og taka skotfæri úr þeim á landamærum Þýskalands og Sviss og hylja ein-kennisbúninginn áður en þeir gátu haldið áfram för sinni þessa 700 metra heim. Að stríði loknu var staða þorpsins öllu flóknari en áður og ferðir á milli þess og Þýskalands kröfðust þolinmæði og mikillar pappírsvinnu. En 1967 komust Þýskaland og Sviss að samkomulagi um að Büsingen am Hochrhein skyldi tilheyra sviss-nesku tollsvæði og þar með var

hægt að leggja landamæraeftirlit og tolleftirlit við þorpið niður.

Stærsta vandamál samtímans

Í dag er stærsta vandamál íbú-anna skattar, sem eru hærri í Þýskalandi en Sviss, og framfær-slukostnaður, sem er hærri í Sviss en Þýskalandi. Íbúarnir eru flest-ir með hærri laun en samland-ar þeirra því þeir starfa í Sviss en vegna þess að þeir greiða skatt til Þýskalands eru ráðstöfunartek-jur þeirra minni en ráðstöfunar-tekjur Svisslendinga. En það eru líka kostir við að búa í þorpinu því þar er leiguverð mun lægra en í Sviss. Þorpið laðar einnig að sér svissneska eftirlaunaþega því samkvæmt þýskum lögum fá eftirlaunaþegar góðan skatt-



Mikaelskirkjan frá 11. öld er vin-sæll viðkomustaður í þorpinu.

afslátt. Þetta hefur þó þær nei-kvæðu afleiðingar að meðalaldur þorpsbúa fer hækkandi, því eldra

fólk flytur í þorpið en ungt fólk flytur á brott. ■


HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR PRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Helgarkrossgátan

		→	út- bygging- una		táldrag	safna	2 eins	
	auðnast							
	fóðra			op 999				
	óminn		6				káma	
	fát				kvendýr til sölu			
		↓			bakki auðlindin			
	etja					starf		
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bommuð	krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510		temur	peningar agaða	1		mat	
	eldsneyti				fræga þekja			
		→			↙	fugl	5 tunnur	2 sansa
	skítuga				röskar strákapör			
						hljómfall	knöpp	3
		↓	2 eins	8	stúlkuna hása			
	duglausar				sleikja telgt		tala	
	espuð			áraun stiku			varðandi borðandi	
	brambolt		lítill hali			losa álasa		
			jötu 3 eins			hreina	3 eins	4
	steðja				þrautina krækja			
	slitna handveg- inn					kappnæg fenginn		flauta
	áreitt			farvegir næring		7	fersk þvalar	
	10	agn sund			ummerki litlaus			gíg
	mann		stertur 3 eins				gjóta	
	anga				afllaga 2 eins			til
	merkti			stuldur			þoka	
	útlímur			9		liffærið		

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

Sudoku

Auðveld

6			3		5	8	7	
	8			2				
		7	8	9			5	6
	6			7		1		
4		3	1	6	2			8
9		1		3		7	6	4
					3			7
2	3		6			9		
7	1			5	4			3

Erfið

				7				
			8	9		5		
	4				3			
				3			6	
7		3	2		9			
9			6		1			4
	5				2	4		
		6	4			2		8
						7		3

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Inga Dóra Konráðsdóttir


Túngata 42

101. Reykjavík

Lausnarorðið var **FERDALAG**

Inga Dóra hlýtur að launum bókina Konan sem hvarf

Vinningsbók er hægt að nálgast á skrifstofu DV að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Fjallið

Árið 1985 voru þrjú ungmenni myrt í Dólómíta-fjöllum. Líkin fundust illa útleikin en málið var aldrei upplýst. Þrjátíu árum seinna heyrir bandaríski kvikmyndagerðarmaðurinn Jeremiah Salinger af morðunum, en hann er þá nýfluttur til þorpsins þar sem ungmennin bjuggu. Hann fer að grafast fyrir um þessa atburði, en mætir þá mikilli andstöðu íbúanna – og eiginkonu sinnar. Að lokum verður hann algjörlega heltekinn af því að komast að sannleikanum í málinu – með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Vönduð spennusaga sem engin leið er að leggja frá sér. Hver eru þessi leyndarmál sem ekki þola dagsljósið? Og hvaða illtska býr í fjöllumunum?

Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum

• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni


• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli

• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að pantast í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringa í sími 775 6080

Byrja



Enda

**Virkar á
1 mínútu**

zonníc®



Zonníc pepparmint munnholsúði inniheldur nicotín, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Nærgætni, hlýja og virðing



við andlát ástvina



Ísleifur Jónsson

Útfarastjóri
Farsími 821 5353



Steinunn Magnúsdóttir

Útfarabjónusta
Farsími 861 3441

Þjónusta allan sólarhringinn

Útfararstofa Reykjavíkur annast útfarir á höfuðborgarsvæðinu og veitir aðstandendum mikilvæga aðstoð við undirbúning og framkvæmd útfararinnar. Útfararstjóri er með aðstandendum allt ferlið - allt frá fyrsta viðtali að greftrun hins látna. Útfararstofa Reykjavíkur annast alla þætti sem aðstandendur óska eftir. Eigandi og útfararstjóri er Ísleifur Jónsson, sem hefur starfað sem útfararstjóri um áratuga skeið.



Rausað til skemmtunar með bitrum bótasvindlara

Indíana Jóns og gulu fordómarnir ■ Kvikmyndin Gullregn kætir en klúðrar lendingunni

Hefðir eru til þess að brjóta þær, eða í það minnsta endurskoða eftir gefinn tíma. Í Gullregni má finna fyrirmyndar dæmi um það hvernig hugsunarsáttur fólks getur daðrað við hættuleg mörk þegar erfitt er að kenna gömlum hundi að sitja – og langvarandi afleiðingar þess þegar umræddur hundur hefur varpað sínum áhrifum yfir á einhvern annan.

Gullregn segir frá Indíönu Jónsdóttur, öryrkja og bótasvindlara í Breiðholtinu, sem hefur ekki enn tekist að aðlagast samtímanum. Blokkinn hennar er að fyllast af erlendum íbúum og þykir henni afleitt að þurfa að þola píanótímama hjá „þeirri gulu“ á efri hæðinni. Þá kynnumst við einnig Unnari, syni Indíönu, sem hún hefur bæði ofverndað og rakkað niður alla hans ævi. Unnar er það eina sem er Indíönu kært í þessum heimi, auk gullregnsins sem hún gróðursetti fyrir mörgum árum. Því þarf ekki mikið til að setja veröld þessa Breiðhylltings á hliðina, en grunninn að því má rekja til þess þegar Unnar kynnr móður sína fyrir nýrri kærustu. Fréttunum tekur hún fagnandi í fyrstu en svo sýnir málfarið og hreimurinn að konan sé frá Pólandi. Hvað gerir bitur Breiðhylltingur þá?

Ég hef tekið eftir mynstri í ýmsum verkum Ragnars Bragasonar sem snýr að stormasömum tengslum foreldra við börnin sín – sem yfirleitt jaðra við eittraða stjórnsemi. Við skulum því sem flest faðma hann við gott tækifæri.

Ragnar er þó sennilega á meðal lunknari kvikmyndagerðarmönnum Íslands, sérstaklega þegar kemur að sögum sem snúa að fjölskyldudrama, nánar til tekið stírðu og margbrotnu sambandi afkvæmis við foreldra, hemlun gamalla hefða og ekki síður hemlun foreldra sem leyfa uppkomnum börnum ekki að breiða vængi sína út til fulls. Þetta sást í tærri mynd í Vaktarseríunum, Bjarnfreðarson, Börnum, Foreldrum, Málmhaus, Föngum og blasir alveg við í Gullregni, þar sem eitruð móðir hefur reynt eftir fremsta megni að lita son sinn hjálparleysi, niðurrifi og eitruðu hegðunarmynstri.

Mannúð og niðurrif

Indíana er hin ógeðfelldasta persóna, en sorglega hversdagsleg og fyrir suma viðtengjanleg. Hún eyðir taumlausri orku í að rífa niður son sinn, hugsa um eigin hag og vorkenna sjálfri sér hvað mest. Á blaði verður þó að segjast að þessi lykilsóna er ekki upp á marga fiska og er þróun hennar ósköp fyrirsjáanleg, en Sigrún Edda Björnsdóttir gæðir hana heilmiklu lífi með takmarkalausri sannfæringu. Hallgrímur Ólafsson er sömuleiðis tilþrífarikur sem hjartahlýr en andlega týndur sonur hennar, sem minnir á tíðum óvenju mikið á Jörund Ragnarsson með tóktum sínum. Þær Karolina Gruszka og Halldóra Geirharðsdóttir bera annars af í að innleiða hlýju, bjartsyni og mannúð í efnið sem liggur fyrir.



Það hefur reyndar verið gegnumgangandi í öllum verkum Ragnars að ríkjandi traust á milli hans og leikara hans skilar sér í afrakstrinum. Leikhópurinn eins og hann leggur sig er lukkulegur og erfitt að segja að nokkur slái feilnótu, jafnvel þegar kemur að tilfellum þar sem samtöl verða óvenju stíf (dirfist maður að segja „leikhúsleg“?) og oft skrifuð eins og önnur hver setning hafi þurft að vera samþykkt af Árnastofnun. Þótt íslenskan sé vönduð og í fyrirrími í öllum orðaskiptum, verða sumar senur veikari fyrir það að sumar einræður virka of slípaðar, ónáttúrulega formlegar og æfðar.

Auk þess notast sagan fullmikið við þá aðferð að stafa allt beint út frekar en að leyfa myndmáli eða smáatriðum að segja það sem þarf. Þetta snýr sérstaklega að tengslum Indíönu við móður hennar (sem leikin er af Margrétu Helgu Jóhannsdóttur), þar sem allar tilfinningar hennar og tilheyrandi gremja hnoðast upp í einræðu sem er eitt þvingað upplýsingaflóð.

Lendingin máttlaus

Persónur myndarinnar eru flestar gallaðar og beiskar. Það er sérstök kúnt að segja sögu af hundleiðinlegu fólki þannig að hægt sé að gera hverjum prófíl áhugaverð skil, en meirihluti persónanna í Gullregni er hvorki nógu djúpur né bitastæður til að réttlæta skjáttmann sem í þær fer. Unnar er sérstaklega gott dæmi; það er í grunninn auðvelt að fyllast samúð og vorkunn með honum en þegar handritið fer loksins að skoða hans gallaðri hliðar, sem eru sennilega langvarandi afleiðingar sambands hans við móður hans, er of lítið eftir af sögunni til að skoða þá marglaga hlið á honum sem hefði getað sett meira fútt í frásögnina.

Unnar er harmi sleginn karakter á allan máta, en það er ekki fyrir en á lokametrunum sem áhorfandi finnur fyrir því að hann er trúlega skemmdari en merkin hafa áður gefið til kynna. Því er synd að sjá hversu lítið er gert úr því athyglisverða sem í boði er með þennan mann. Endirinn er sömuleiðis aumur, kraftlaus og algjörlega úti á túni. Stóra vending sögunnar undir lokin kemur meira út eins og redding í fljótfærni til að líma eitthvað aftast við frásögnina og vekja viðbrögð.

Daníela, pólsk kærasta Unnars, er líka stórfinn karakter út af fyrir sig en virðist eingöngu vera þarna til að vera rödd skynseminnar og stafa út þemum (með bjöguðum hreimi sem því miður kallar á aðstoð íslensks texta), sem betur hefðu legið á milli línanna.

Á annan veg er útlit myndarinnar í lagi (og hlandgul áferð myndatökunnar styrkir frekar en hitt) og fær Mugison prik fyrir líflega tónlist. Þegar öllu er á botninn hvolt er Gullregn hið prýðilegasta dæmi um flotta leikara í essinu sínu þótt afþreyingargildið svífi mest á prýðis-humor og fáeinum krassandi uppákomum. Myndin flæðir og talar til okkar flestra með skilaboðum sínum en innihaldið ristir grunnt við nánari skoðun, ekki síst í ljósi tilfinningasúpunnar sem hér á við. Fáir munu þó þverneita að þetta dýrindis raus í Sigrúnu Eddu og félögum feli ekki í sér hið saklausasta skemmtanagildi. Ragnar hefur aftur á móti tekið sterkari vaktir á sínum ferli. ■

Í stuttu máli:

Vel leikin og kostuleg dramedía

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Sala á öllum hreinlætisvörum
og áhöldum til ræstinga fyrir
fyrirtæki, stofnanir og
heimili í verslun okkar



Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár

YFIRHEYRSLAN

Leikarinn Jól Sæmundsson ólst upp á Þórshöfn og segir körfubolta hafa verið hans fyrstu ást þangað til að leiklistin tók yfir. Hann er þakklátur fyrir að fá að vinna við að skemmta og snerta við fólki í gleði og sorg en sjálfur veit hann fátt betra en gott dansiball. Jól er í yfirheyrslu helgarinnar.

Hvar líður þér best?

Í kyrrð heima hjá mér með gott viskí eða bjór frá Ægi Brugghúsi að horfa á útsýnið og stjörnurnar. Það er einfaldlega best, sérstaklega eftir langan og góðan vinnudag þar sem maður veit að maður er nýbúinn að gera sitt allra besta.

Hvað óttastu mest?

Ég óttast mest að vera lifandi en lifa samt ekki. Það er alltaf það sem yfir manni áfram í alls konar ævintýri.

Hvert er þitt mesta afrek?

Börnin mín, eða nei, þegar ég hugsa um það þá gerði ég mest lítið, bara sirka fimm mínútur ef ég er ljúga, eflaust bara mínúta. Svo sá barnsmóðir mín um rest, að ganga með, gefa brjóst og þetta erfiða tengt því koma þeim út, þannig ég get kannski ekki eignað mér það afrek. En mest spes af mörgum afrekum væri samt þegar ég jafnaði Íslandsmetið í limbó árið 1994 á kvöldvökunni á Króksmótinu á Sauðárkróki, 10 ára gamall, undir stjórn Hemma Gunn. Það er klárlega mín „go to“ montsaga sem ég mun nota á elliheimilinu.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Furðulegt er afstætt, en ég myndi segja dj gigg með Kára Viðars, (DJ*ákni), þar sem ég fékk að vera hluti af dj dúett, þótt ég kunni ekkert að dj-a en ég er ekki frá því að þetta hafi verið einn skemmtilegasti dj-dúett sem hefur verið settur saman. Kannski komin tími á „comeback“ á þennan dúett.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

Fokk it, Limbo.

Hvernig væri bjórinn Jól?

Vill svo skemmtilega til að það er til bjór sem er gerður fyrir mig. Hann Ólafur Sk ÞorvaldZ, bruggmeistari Ægis Brugghúss, bruggaði hann þegar ég var sýna Hellisbúann. Hann heitir De Oerman, og er belgískt dubble ale, eða munkabjór. Kraftmikið belgískt öl með kandiskeim og ávaxtaríkum gerkarakter. „To sum up“ – sætur og kraftmikill – eins og ég.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Það kemur frá móðurbróður mínum: Það er aldrei lagt á mann meira en sem maður getur höndlað. Það getur verið gott muna það þegar allt virðist vonlaust, þá veistu að þú hefur það sem þarf til að komast í gegnum erfiðleikana.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Brjóta saman þvott. Sérstaklega finna samstæða sokka. Þess vegna sérðu mig yfirleitt í ósamstæðum sokkum.

Besta bíómynd allra tíma?

Það er ekki hægt að segja að einhver ein sé best, enda fer það eftir stemningunni í hvert sinn, og hvernig maður er staddur tilfinningalega, en sú sem er efst í huga akkurat núna er Unthinkable með Michael Sheen. Svo er Börn eftir Ragga Braga alltaf ofarlega hjá mér.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Þessi er auðveld, að fljúga. Eða vera stærðfræðisnillingur.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Það væri klárlega að fara út á lífið með Tryggva Rafns í „suit up“. Mæli ekki með því. Nei, ætli það sé ekki þegar ég spilaði körfubolta sex vikum eftir ég hafði næstum misst hægri höndina í vinnuslysi, þar sem gler skar allt í framhandleggnum nema eina sín. En mig langaði svo mikið spila að við teipuðum allt í drasl með spelku og gífsi. Ætli það sé ekki með því heimskulegra sem ég hef gert.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

„Ég get ekki“ eða „seinna“.

Hvaða geturðu sjaldnast staðist eða ert góður í að réttlæta að veita þér?

Auðveldast af öllu er að réttlæta skyndibita og sælgæti. Það og „suit up“ með Tryggva Rafns.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Alls konar skemmtilegt, leika sýna, skemmta, skrifa, ferðast, njóta og lifa.



BJÓRFERÐIR

Nánari upplýsingar á visitor.is

Tryggðu þér sæti. Staðfestingargjald er kr. 35.000

DRAUMAFERÐ BJÓRÁHUGAFÓLKS!



BJÓR-FRÓÐLEIKSFERÐ TIL KÖBEN

BJÓRFERÐ ÁSA & MÁSA

13. - 16. mars

PAKKAFERÐ FRÁ
kr. 129.900*

Þeir Ási og Mási á Session Craft Bar Reykjavík leiða fróðleikspyrsta unnendur bjórgerðar í allan sannleikan hjá frændum okkar í Köben.

OKTÓBERFEST Í MUNCHEN



24. - 27. september

Verð frá
kr. 139.900

Flogið með Icelandair, gist á Motel One Munich, rútur til og frá flugvelli. Íslensk fararstjórn.

OKTÓBERFEST Í MUNCHEN



1. - 4. október


Verð frá
kr. 139.900

*Innfalið: flug og farangursheimildir með Icelandair, rúta til og frá flugvelli, hótलगisting með morgunverði, íslensk fararstjórn.

Aðrar spennandi ferðir:

Arsenal - Everton 21. - 24. febrúar
Man Utd - Man City 6. - 9. mars
Man City - Real Madrid 16. - 18. mars
Man City - Liverpool 3. - 6. apríl
Arsenal - Liverpool 1. - 4. maí
Man Utd - West Ham United 7. - 11. maí
Spinning á Spáni 7. - 14. maí
Hreyfiferð með Ólöfu 14. - 21. maí
Andre Rieu Maastricht 9. - 12. júlí
Billie Eilish VIP 20. - 22. júlí

Visitor
FERÐASKRIFSTOFA



Hlíðasmára 8
201 Kópavogur
Sími: 578 9888
visitor.is



Prjónað fyrir dýrin

Miklir skógareldar hafa valdið stórfelldu tjóni í Ástralíu og ekki sér fyrir endann á hörmungunum. Talið er að um milljarður dýra hafi drepist í hörmungunum. Mörg eru slösuð og ungvíði móðurlaust. Þeirra á meðal er fjöldi pokadýra sem eiga nú um sárt að binda. Pétur Oddbergur Heimisson og Erin Jade Turner stóðu fyrir uppákomu á Kex hostel í vikunni þar sem ákalli ástralskra dýraverndunarsamtaka var svarað í formi þess að prjóna poka fyrir pokadýr í Ástralíu. Viðburðurinn vatt þó upp á sig þar sem margir hafa sýnt framtakinu áhuga.

„Ég er Ástrali (frá Sídney) í Reykjavík. Ég kom fyrst til Íslands árið 2013 og hér hef ég búið meirihluta síðustu fimm ára ásamt maka mínum. Ég flaug frá Íslandi til Ástralíu í byrjun desember. Þegar ég yfirgaf Ástralíu var Sídney þakin þykkum reyk og aska féll frá himnum. Ég hef svo fylgst með aðstæðum versna frá Íslandi,“ skrifaði Erin á Facebook-síðuna Skógareldarnir í Ástralíu - Prjónað fyrir dýrin í Ástralíu.

Erin segir viðbrögð við prjónaáttakinu hafa verið mjög góð. „Viðbrögðin sem við höfum fengið frá öllum landshlutum eru dásamleg og ég (fyrir hönd Ástrala) get ekki þakkað ykkur nægilega mikið.“

Þeir sem vilja leggja pokadýrunum lið geta farið á fyrr nefnda Facebook-síðu, en þar er að finna uppskriftir að pokunum ásamt leiðbeiningum.

Erin og Pétur munu taka á móti pokum á Kex hostel þann 3. febrúar frá milli klukkan 10 og 20. Nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðunni.



TH Investments gjaldþrota

TH Investments ehf. var úrskurðað gjaldþrota með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 11. desember síðastliðinn.

Félagið var nokkuð til umfjöllunar hjá DV árið 2011. Að baki félaginu stóðu bræðurnir Friðjón og Haraldur Þórðarsynir sem voru um skeið grunaðir um auðgunarbrot tengd gjaldeyrisviðskiptum. Félagið hagnaðist umtalsvert á tveimur mánuðum á árinu 2008, eða um 250 milljónir króna,

og var talið að hagnaðurinn tengdist gjaldeyrisviðskiptum. Til samanburðar hagnaðist félagið aðeins um 45 milljónir allt árið 2009. Friðjón er fyrrverandi starfsmaður Landsbankans og starfaði einnig hjá fyrirtækinu Virðingu, en var rekinn þaðan árið 2008 vegna gruns um markaðsmisnotkun, peningabætti og auðgunarbrot. Friðjón var svo ráðinn til Gamma árið 2017.

Haraldur var forstöðumaður fjárstýringar Exista sem annaðist

gjalddeyrisjöfnuð. Í dag er hann forstjóri Fossa markaða hf.

Lögmaður Friðjóns sagði í kjölfar umfjöllunar DV árið 2011 að líklega yrði farið fram á skaðabætur vegna málsins. Engum sögum fer þó af því að til slíkra bóta hafi komið.

„DV gekk mjög langt fram í ósmekklefum fullyrðingum í þessu máli,“ sagði Haraldur á þeim tíma í samtali við Fréttablaðið.

Engin starfsemi virðist hafa átt sér stað hjá TH Investments



undanfarin ár. Ársreikningi var síðast skilað árið 2014 og hafði félagið þá verið rekið með tapi síðan árið 2009. ■

Hreint loft betri heilsa

Honeywell gæða lofthreinsitæki

Loftmengun er hættuleg heilsu og lífsgæðum. Honeywell lofthreinsitæki eru góð við myglugróm, bakteríum, frjókornum, svifryki, lykt og fjarlægir allt að 99,97% af ofnæmisvaldandi efnum.



HA010E hægt að þvo síuna. Verð kr. 15.960



HFD323E Air Genius 5. Hreinsar allt að 99.9% af óhreinindum. Hægt að þvo síuna. Verð kr. 35.850



HPA100WE. Hreinsar allt að 99.97% af óhreinindum. Hljóðlát stilling. Verð kr 18.890



HPA710WE HEPA sía, gróf sía, kola sía, ION kerfi. Hreinsar allt að 99.97% af óhreinindum. Hljóðlát stilling. Verð kr 49.920

Láttu þér líða vel - innandyrá

Honeywell



Vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna